



HÁSKÓLI ÍSLANDS
HUGVÍSINDASVIÐ

Stjórnin sem sprakk í beinni?

Alþingiskosningar 1987, stjórnarmyndun og stjórnarkreppa og ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar.

Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði

Bjarni Þórarinn Hallfreðsson

Maí 2017

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Sagnfræði

Stjórnin sem sprakk í beinni?

Alþingiskosningar 1987, stjórnarmyndun og stjórnarkreppa og ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar.

Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði

Bjarni Þórarinn Hallfreðsson

Kt.: 270693-3189

Leiðbeinandi: Ragnheiður Kristjánsdóttir

Maí 2017

Ágrip

Er árið 1987 gekk í garð hafa líklega fáir, ef einhverjir landsmenn búist við jafn sögulegum Alþingiskosningum líkt og raunin varð í apríl og því sem fylgdi í kjölfarið. Sjö framboð fengu kjörna fulltrúa á þing og við tóku flóknar stjórnarmyndunarviðræður og löng stjórnarkreppa. Að lokum tókst að mynda ríkisstjórn þriggja stærstu flokka landsins, Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks. undir forsæti Þorsteins Pálssonar. Ritgerðin er þrískipt; fjallað er um Alþingiskosningarnar árið 1987, stjórnarmyndun og stjórnarkreppu sem fylgdi í kjölfar kosninganna og ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar.

Til þess að segja sögu þessa tímabils ef ég notast við fjölda ólíkra heimilda. Helstu heimildirnar eru viðtöl og ævisaga lykilmannanna þriggja, Þorsteins Pálssonar, Steingríms Hermannssonar og Jóns Baldvins Hannibalssonar. Til þess að fá aðra sýn á ríkisstjórn Þorsteins voru auk þess tekin viðtöl við Svavar Gestsson og Guðrúnu Agnarsdóttur, en þau voru í stjórnarandstöðu. Einnig er byggt á skrifum dagblaðanna og yfirlitsrit.

Í stjórnarmyndunarviðræðunum gerðu formennirnir þrír allir tilkall til forsætisráðuneytisins. Steingrímur og Jón Baldvin útilokuðu hvorn annan og varð Þorsteinn því forsætisráðherra. Ríkisstjórnarsamstarfið reyndist vera erfitt, nánast frá fyrsta degi. Ríkisstjórn Þorsteins sprakk með látum í septembermánuði árið 1988 eftir sjónvarpsþáttinn 19:19 sem sýndur var á Stöð 2. Í þættinum mættu þeir Steingrímur og Jón Baldvin og fóru ófögurum orðum um forsætisráðherra sinn og baðst Þorsteinn lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt degi síðar. Því fékk hún viðurnefnið *Stjórnin sem sprakk í beinni*, þótt í raun hafi stjórnarsamstarfinu ekki verið slitið fyrr en daginn eftir.

Efnisyfirlit

Inngangur	1
1. Alþingiskosningarnar 1987	5
Tíu Framboð.....	5
Pólitísk aftaka Stefáns Valgeirssonar.....	6
Alberts þáttur Guðmundssonar.....	8
A-flokkarnir.....	11
„Þriðja víddin“.....	13
Stjórnarflokkarnir.....	15
Úrslit Alþingiskosninganna 1987.....	17
2. Stjórnarmyndun og stjórnarkreppa	20
Kvennalistinn í ríkisstjórn?.....	20
Jón Baldvin fær umboðið.....	23
„Allt annað en Jón Baldvin“.....	24
Valdatafl í Dagsbrún.....	26
„Sjálfstæðisflokkurinn er flokkur í upplausn“.....	29
Kapphlaupið um forsætisráðuneytið.....	31
Ósannindi, trúnaðarrestur og högg fyrir neðan beltisstað.....	33
74ra. daga stjórnarkreppu lokið.....	35
3. Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar	38
Völt stjórn frá upphafi.....	38
Persónulegar erjur Steingríms og Þorsteins.....	41
Efnahagsvandinn.....	43
Haltrandi ríkisstjórn.....	45
Rýtingsstunga í bakið á samstarfsmanni.....	48
Stjórnin sem sprakk í beinni.....	51
Ríkisstjórnarsamstarfinu lýkur.....	53
Niðurstöður	56

Heimildaskrá	59
Óprentaðar heimildir.....	59
Prentaðar heimildir.....	59

Inngangur

Þann 29. október árið 2016 gengu Íslendingar til Alþingiskosninga, einu löggjafarþingi fyrr en áætlað var vegna afsagnar Sigmundar Davíðs Gunnlaugssonar, forsætisráðherra og ákalls almennings um nýjar kosningar. Sjö framboð fengu fulltrúa kjörna þing og meirihlutastjórn tveggja stjórnámálflokka var ómöguleg. Ríkisstjórn þriggja flokka var einnig ómöguleg nema með aðkomu Sjálfstæðisflokksins. Í kjölfar kosninganna var jafnframt ljóst að erfitt yrði að mynda ríkisstjórn þar sem einhverjir stjórnámálflokkar hefðu útilokað samstarf við hvern annan. Stjórnarkreppa var í aðsigi og varð það raunin. Það var ekki fyrr en 10. janúar sem ný ríkisstjórn var mynduð og skrifuðu formenn Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Bjartrar framtíðar undir nýjan stjórnarsáttmála. Þann 11. janúar, þegar 74 dagar voru liðnir frá kosningum, tók fyrsta ráðuneyti Bjarna Benediktssonar, formanns Sjálfstæðisflokks, formlega við völdum. Kosningarnar 2016 gætu virst við fyrstu sýn einstakar í íslenski stjórnmalasögu en svo er hins vegar ekki. Tæplega þrjátíu árum áður en ríkisstjórn Bjarna Benediktssonar tók við völdum, eða árið 1987 kom upp svipuð staða í íslenskum stjórnmalum.

Líkt og í október 2016, þá fengu sjö framboð kjörna fulltrúa á þing í alþingiskosningunum árið 1987, meirihlutastjórn tveggja stjórnámálflokka var ómöguleg og meirihlutastjórn þriggja stjórnámálflokka var einnig ómöguleg, nema með aðkomu Sjálfstæðisflokksins. Það reyndist stjórnámálflokkunum erfitt að mynda stjórn en að lokum tókst að mynda ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks undir forsæti Þorsteins Pálssonar, formanns Sjálfstæðisflokks. Líkt og eftir kosningarnar 2016 tók það 74 daga að mynda ríkisstjórn! Samstarf ríkisstjórnarflokkanna var erfitt, nánast frá fyrsta degi og entist það aðeins í 14 mánuði. Þann 17. september árið 1988 baðst Þorsteinn Pálsson lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt, en daginn áður, þann 16. september höfðu Steingrímur Hermannsson, formaður Framsóknarflokks og Jón Baldvin Hannibalsson, formaður Alþýðuflokks komið fram í sjónvarpsþættinum 19:19 sem var á dagskrá Stöðvar 2. Þar létu þeir stór orð falla um ríkisstjórnina og Þorstein Pálsson og varð áhorfendum þáttarins þar með ljóst að ríkisstjórnin myndi ekki starfa mikið lengur. Vegna sjónvarpsþáttarins hefur ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar oft verið þekkt undir viðurnefninu *Stjórnin sem sprakk í beinni*. Þrátt fyrir óvild í garð hvors annars í stjórnarmynduninni varð samstarf Framsóknarflokks og Alþýðuflokks náð í stjórnarsamstarfinu sjálfu. Það tók flokkana

ekki nema 11 daga að mynda nýja ríkisstjórn undir forsæti Steingríms, með Alþýðubandalaginu og stuðningi Samtaka um jafnrétti og félagshyggju.¹

Kosningarnar 1987 voru sögulegar fyrir margra hluta sakir. Aldrei áður höfðu sjö framboð verið kjörin á þing og aldrei áður hafði nýtt framboð fengið jafn mikið fylgi og Borgaraflokkurinn fékk, eða 10,7% og sjö þingmenn. Sjálfstæðisflokkurinn og Alþýðubandalagið höfðu aldrei fengið jafn slæma kosningu frá stofnun og í fyrsta sinn frá stofnun lýðveldisins var ekki möguleiki að mynda tveggja flokka meirihlutastjórn.² Þá hafði fjórflokkurinn svokallaði, þ.e. Sjálfstæðisflokkur, Framsóknarflokkur, Alþýðuflokkur og Alþýðubandalag aldrei fengið jafn lítið fylgi og í kosningunum 1987, eða tæp 75% atkvæða.³

Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar kemur víða við í yfirlitsritum íslenskrar stjórnmalasögu, en það er aðallega vegna þess hvernig hún sprakk með látum haustið 1988. Annars hefur lítið verið skrifað um ríkisstjórnina sjálfa nema þá einna helst BA-ritgerð Ingólfs Margeirssonar, „Saga og sjónvarp. Sprakk ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar í beinni sjónvarpsútsendingu í septembermánuði 1988?“

Ólafur Þ. Harðarson og Gunnar H. Kristinsson, prófessorar í stjórnmalafraeði hafa skrifað grein um alþingiskosningarnar árið 1987. Þar segja þeir frá aðdraganda kosninganna, kosningabaráttunni og þá kafa þeir djúpt í úrslit kosninganna. Meginviðfangsefni greinarinnar er að skýra frá því sögulega lágmarki sem fjórflokkurinn fékk í kosningunum.

Einnig eru nokkrar bækur þar sem stjórnartíð ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar kemur fram og er það m.a. *Forsætisráðherrann*, ævisaga Steingríms Hermannssonar eftir Dag B. Eggertsson, *Úr fjötrum. Saga Alþýðuflokksins* eftir Guðjón Friðriksson og *Hlustaðu á þína innri rödd* eftir Kristínu Jónsdóttur, svo dæmi séu nefnd.

Hér á landi hefur íslensk stjórnmalasaga verið töluvert rannsökuð en margt er enn óljóst um tímabilið frá kosningunum 1987 til stjórnarslitanna 1988 og ýmislegt órannsakað. Gera má ráð fyrir að flestir kannist við þátt Alberts Guðmundssonar þegar hann klýfur Sjálfstæðisflokkinn og sjónvarpsþáttinn fræga haustið 1988, daginn áður en Þorsteinn baðst lausnar. Rúmlega fjórtán mánuðir eru þar á milli, sem lítið hefur verið fjallað um, og er það því ætlun mín að fylla í þær eyður sem ég tel vanta. Við heimildaöflun í þessari rannsókn hef ég m.a. tekið viðtöl við Þorstein Pálsson, Jón

¹ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 251.

² Steinar J. Lúðvíksson, „Forsætisráðherrar Íslands“, bls. 444.

³ Ólafur Þ. Harðarson og Gunnar H. Kristinsson, „The Icelandic Parliamentary Election of 1987“, bls. 219.

Baldvin Hannibalsson, Svavar Gestsson og Guðrúnu Agnarsdóttur og þar hafa komið fram miklar upplýsingar sem hafa ekki komið fram. Þá verður einnig stuðst við skrif dagblaðanna á þessum árum. Höfundur reyndi að fá aðgang að þingflokkskjölum Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks en vegna reglna flokkanna var það ómögulegt að þessu sinni.

Ritgerðinni er skipt í þrjá meginkafla. Í fyrsta kafla verður farið yfir Alþingiskosningar sem áttu sér stað þann 25. apríl árið 1987 og aðdraganda þeirra. Tvö framboð sem kjörin voru á þing eftir kosningarnar voru klofningsframboð. Annars vegar var það framboð Stefáns Valgeirssonar, sem sagði sig úr Framsóknarflokki, stofnaði Samtök um jafnrétti og félagshyggju og komst inn á þing. Hins vegar var það klofningur Sjálfstæðisflokksins í mars 1987 og vakti það mikið umtal þegar Albert Guðmundsson var gert að segja af sér ráðherraembætti vegna skattsvika. Albert sagði sig úr Sjálfstæðisflokki sem varð til þess að Borgaraflokkurinn var stofnaður. Sýnt verður fram á hversu mikil áhrif framboðin utan fjórflokksins höfðu á úrslit kosninganna.

Í öðrum kafla verður farið yfir stjórnarmyndunarviðræðurnar og stjórnarkreppuna sem fylgdi í kjölfar kosninganna. Ljóst var að erfitt yrði að mynda ríkisstjórn og varð það raunin. Í þessum kafla verður t.d. farið yfir ástæður þess hve illt var á milli Framsóknarflokks og Alþýðuflokks sem leiddi til þess að Þorsteinn Pálsson varð forsætisráðherra en ekki Steingrímur Hermannsson eða Jón Baldvin Hannibalsson. Einnig verður farið yfir helstu ástæður þess að stjórnarmyndunarviðræðurnar drógust á langinn.

Þriðji kaflinn verður tileinkaður ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar og verður þar til skoðunar erfitt ríkisstjórnarsamstarf sem varð til þess að stjórnin sprakk með látum árið 1988. Farið verður yfir samstarf flokkanna, og ágreiningsmál sem leiddi til þess að stjórnin sprakk.

Markmið ritgerðarinnar er að segja sögu þessa tæplega tveggja ára tímabils, frá ársbyrjun 1987 til september 1988. Sagan hefst þegar Stefán Valgeirsson segir sig úr Framsóknarflokki og stofnar Samtök um jafnrétti og félagshyggju. Endapunktur sögunnar verður settur þegar Þorsteinn Pálsson biður lausnar fyrir sig og ríkisstjórn sína þann 17. september 1988. Kafað verður eftir besta megni ofan í hyldýpi heimildadjúpsins og munu heimildir hvað varðar þá þrjá lykilmenn í ríkisstjórninni leika lykilhlutverk. Viðtöl við Jón Baldvin Hannibalsson og Þorstein Pálsson og ævisaga Steingríms Hermannssonar munu þar reynast vel. Þá munu viðtöl við Svavar

Gestsson og Guðrúnu Agnarsdóttur gefa aðra sýn á tímabilið, þar sem þau voru utan ríkisstjórnar. Í bakgrunni verður til skoðunar saga stjórnarflokkanna, sem og annarra flokka sem kjörnir voru inn á þing.

Áður en lengra er haldið þarf að setja varnagla. Eins og áður segir hefur höfundur aflað sér fjöldamargra heimilda, sem koma úr mörgum áttum, með ólík sjónarhorn. Sérstaklega ber að varast viðtöl og ævisögur þar sem minni fólks er ekki fullkomið og gætu mikilvægar upplýsingar gleymst. Einnig gætu viðmælendur hafa fegrað sína hlið málsins. Markmið sagnfræðings er að gæta hlutleysis en auðvelt getur verið fyrir höfund að falla í þá gryfju að verða of nálægur einni lykilpersónu sögunnar, og fjarlægri hinum. Því hef ég leitast við að halda mig í hæfilegri fjarlægð frá lykilpersónum, til þess að efnið komist sem best til skila og á sem hlutlausasta máta.

Alþingiskosningar 1987

Tíu framboð

Framboðsfrestur framboða fyrir Alþingiskosningarnar árið 1987 rann út á miðnætti 27. mars en tíu framboð skiluðu listum sínum áður en fresturinn rann út. Sjö framboð buðu sig fram í öllum kjördæmunum átta, Alþýðubandalag, Alþýðuflokkur, Borgaraflokkur, Flokkur mannsins, Framsóknarflokkur, Samtök um kvennalista og Sjálfstæðisflokkur. Þjóðarflokkurinn bauð fram í fimm kjördæmum, Bandalag jafnaðarmanna í tveimur og Samtök um jafnrétti og félagshyggju bauð fram í einu, Norðurlandskjördæmi eystra. Hátt í þúsund manns voru í framboði á alls 64 framboðslistum.⁴

Bandalag jafnaðarmanna var stofnað 15. janúar 1983 að frumkvæði Vilmundar Gylfasonar, fyrrum þingmanns og ráðherra Alþýðuflokksins.⁵ Í Alþingiskosningum árið 1983 fékk flokkurinn 9.489 atkvæði og fjóra menn kjörna á þing.⁶ Vilmundur lést tveimur mánuðum eftir kosningarnar og var flokkurinn ekki samur án hans. Þegar leið á árið 1985 jókst óánægja innan flokksins og í desember sagði Kristín Kvaran, þingmaður flokksins sig úr flokknum. Fylgi flokksins hrapaði í skoðanakönnunum og haustið 1986 hófust viðræður um sameiningu Bandalags jafnaðarmanna og Alþýðuflokksins. Þann 30. september 1986 var Félag frjálslyndra jafnaðarmanna stofnað og sótti félagið um inngöngu í Alþýðuflokkinn, sem gekk eftir og bættust þrjú þingmenn Bandalags jafnaðarmanna við þingflokk Alþýðuflokksins. Ýmsir aðilar í Bandalagi jafnaðarmanna voru hins vegar ekki á því að gefast upp⁷ og buðu sig fram í Reykjavíkur- og Reykjaneskjördæmum í Alþingiskosningunum 1987.

Flokkur mannsins og Þjóðarflokkurinn buðu sig fram í fyrsta skiptið í kosningunum 1987. Flokkur mannsins var stofnaður 25. júní 1984 og varð Júlíus Valdimarsson fyrsti formaður flokksins. Helsta stefnumál hans var að setja manngildi ofar auðgildi.⁸ Fyrir kosningarnar 1987 var Pétur Guðjónsson orðinn formaður flokksins og bauð Flokkur mannsins fram í öllum kjördæmum landsins.⁹

⁴ *Kosningaskýrslur 1949–1987*, bls. 1127–1137

⁵ „Bandalag jafnaðarmanna stofnað í dag“, *Morgunblaðið*, 15. janúar 1983, bls. 22.

⁶ *Kosningaskýrslur 1949–1987*, bls. 1055.

⁷ Guðjón Friðriksson, *Úr fjötrum*, bls. 440–441.

⁸ „Samhygð stofnar Flokk mannsins“, *Morgunblaðið*, 26. júní 1984, bls. 27.

⁹ Í dag gengur Flokkur mannsins undir nafni Húmanistaflokksins og bauð hann meðal annars fram í Alþingiskosningunum 2016.

Þjóðarflokkurinn var stofnaður 1. mars 1987 í Borgarnesi og var Pétur Valdimarsson kjörinn formaður hans. Meginmarkmið flokksins var að stuðla að auknu jafnrétti milli landshluta, draga úr miðstýringu og auka stjórn málalega og rekstrarlega ábyrgð í þjóðfélaginu.¹⁰ Þjóðarflokkurinn stefndi að því að bjóða fram í öllum kjördæmum landsins, en það heppnaðist ekki og bauð flokkurinn sig einungis fram í fimm kjördæmum; Vesturlands-, Vestfjarðar-, Austurlands- og Norðurlandskjördæmi eystra og vestra. Samtök um Kvinnalista buðu sig fram í annað sinn, en í Alþingiskosningunum 1983 voru þrjár konur kjörnar á þing. Kvinnalistinn bauð sig fram í öllum kjördæmum í stað þriggja kjördæma árið 1983.¹¹ Fjórflokkurinn bauð sig einnig fram í öllum kjördæmum sem og Borgaraflokkurinn. Alþýðuflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn tefldu fram nýjum formönnum í kosningunum. Jón Baldvin Hannibalsson tók við formennsku Alþýðuflokksins árið 1984 af Kjartani Jóhannssyni en Alþýðuflokkurinn hafði mátt þola stórt tap í kosningunum 1983. Þorsteinn Pálsson tók við af Geir Hallgrímssyni sem formaður Sjálfstæðisflokksins í lok árs 1983. Sjálfstæðisflokkurinn hafði unnið stórsigur í kosningunum 1983 og var lang stærstur allra flokka með 38,7% atkvæða. Geir hafði hins vegar lent í 7. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins fyrir kosningarnar 1983 og misst þingsæti sitt. Steingrímur Hermannsson leiddi Framsóknarflokkinn áfram en hann var í forsæti ríkisstjórnarinnar sem mynduð var eftir kosningarnar 1983 og Svavar Gestsson fór fyrir Alþýðubandalaginu en þetta urðu hans síðustu kosningar sem formaður flokksins. Tíunda framboðið í kosningunum var framboð Stefáns Valgeirssonar undir nafninu Samtök um jafnrétti og félagshyggju. Framboðið bauð sig fram í einu kjördæmi, Norðurlandskjördæmi eystra, heimakjördæmi Stefáns.

Pólitísk aftaka Stefáns Valgeirssonar

Átök urðu innan Framsóknarflokksins um uppstillingu á lista í Reykjavík og í Norðurlandskjördæmi eystra. Guðmundur G. Þórarinsson gaf aftur kost á sér til þingmennsku í Reykjavík en hann hafði ekki boðið sig fram í kosningunum 1983. Þegar Guðmundur ákvað að bjóða sig fram aftur, vakti það kurr meðal annarra frambjóðenda, einkum stuðningsmanna Finns Ingólfssonar, en Finnur hafði marga unga framsóknarmenn á bak við sig. Baráttan um efsta sæti Framsóknarflokksins stóð á milli Guðmundar, Finns og Haraldar Ólafssonar, sitjandi þingmanns flokksins í

¹⁰ „Þjóðarflokkurinn býður fram í öllum kjördæmum“, *Tíminn*, 3. mars 1987, bls. 5.

¹¹ Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, bls. 190.

Reykjavík. Þá hafði Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir boðið sig fram í annað sæti listans en samkvæmt skoðanakönnunum var flokksnum spáð því að fá aðeins einn mann kjörinn inn á þing í kjördæminu. Baráttan var því hörð. Guðmundur hafði sigur í prófkjörinu og varð Finnur í öðru sæti. Sigríður Hjartar endaði í þriðja sæti og Ásta varð í fjórða sæti. Haraldur, sitjandi þingmaður flokksins í kjördæminu féll niður í fimmta sæti og sárnaði Steingrími Hermannssyni það. Sárindin urðu hins vegar víðar en hjá Steingrími því ungir framsóknarmenn urðu reiðir fyrir hönd Finns, sem og konur vegna Sigríðar og Ástu.¹²

Átökin urðu þó meiri og eftirmálar afdrifaríkari í Norðurlandskjördæmi eystra. Í prófkjöri Framsóknarflokksins sóttist Guðmundur Bjarnason eftir fyrsta sæti á lista flokksins í kjördæminu. Einnig hafði Stefán Valgeirsson gert sér vonir um fyrsta sætið en báðir voru þeir þingmenn flokksins. Stefán hafði lýst því yfir að hann vildi einungis fyrsta sætið á listanum og hann myndi ekki setta sig við annað sætið. Guðmundur hafði ekki gefið út slíkar yfirlýsingar en búist var við jafnri baráttu, þó var búist við naumum sigri Guðmundar. Stefán hafði verið þingmaður Framsóknarflokksins í Norðurlandskjördæmi eystra samfleytt í 20 ár¹³ og átti dyggan hóp stuðningsmanna, sem skiptust í tvo hópa. Samkvæmt frásögn *Morgunblaðsins* vildu stuðningsmenn Stefáns á Akureyri og nágrenni að Stefán myndi taka niðurstöðu prófkjörsins, sama hver hún yrði en menn hans í Norður-Þingeyjarsýslu vildu að Stefán myndi stofna sérframboð næði hann ekki fyrsta sætinu.¹⁴

Svo fór að Guðmundur sigraði í prófkjörinu, fékk 161 atkvæði gegn 131 atkvæðum Stefáns. Eftir að úrslitin lágu fyrir steig Stefán í pontu og hélt ræðu sem hann hafði vélritaða: „Þingforsetar, kæru samherjar, andstæðingar. Þá hefur aftakan farið fram. Þar af leiðir að ég tek ekki þátt í þeirri skoðanakönnun sem hér á eftir á að fara fram, og mitt nafn verður ekki á þessum lista ef einhverjum dettur það í hug að fara fram á það við mig.“¹⁵ Norður-Þingeygingar voru ósátt með úrslitin og ákváðu þau að ganga úr salnum undir lófataki annarra fundarmanna. Eftir prófkjörið vildu stuðningsmenn Stefáns að hann færi fram í sérframboði í Alþingiskosningunum.¹⁶

¹² Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 160.

¹³ Vilhjálmur Hjálmarsson, *Sókn og sigrar*, bls. 162.

¹⁴ „Hótanir um sérframboð hafa magnast í Norður-Þingeyjarsýslu nái Stefán Valgeirsson ekki 1. sætinu“, *Morgunblaðið*, 1. nóvember 1986, bls. 37.

¹⁵ „Vantar mynd af Kolbeinsey á bak við mig með fána okkar í hálfu stöng“, *Morgunblaðið*, 4. nóvember 1986, bls. 37.

¹⁶ „Guðmundur efstur og Stefán gekk út“, *Morgunblaðið*, 4. nóvember 1986, bls. 36.

Næstu daga urðu miklar vangaveltur hvort að sérframboð Stefáns byði sig fram í kosningunum. 2. desember 1986 ákvað Stefán að bjóða sig fram í Norðurlandskjördæmi eystra og sóttist hann eftir því að fá listabókstafinn BB.¹⁷ Með því myndu atkvæði sérframboðs Stefáns nýtast Framsóknarflokknum á landsvísu þegar kæmi til uppþotarpingsæta. Slíkt hafði verið gert fjórum áður áður þegar Ingólfur Guðnason hafði boðið fram sérstakan lista undir listabókstafnum BB í Norðurlandskjördæmi vestra eftir að hafa orðið undir í prófkjöri. Steingrímur Hermannsson, formaður Framsóknarflokksins ákvað hins vegar að hafna beiðni Stefáns.¹⁸ Ákvörðun Steingríms vakti upp mikla reiði stuðningsmanna Stefáns. Haraldur M. Sigurðsson, kosningastjóri Stefáns, sagði að 300-400 manns myndu skrá sig úr Framsóknarflokknum eftir þessa ákvörðun Steingríms. Stefán og stuðningsmenn hans ákváðu að kalla framboð sitt Samtök um jafnrétti og félagshyggju og fékk framboðið listabókstafinn J.¹⁹

Alberts þáttur Guðmundssonar

Umtalið í aðdraganda kosninganna var hvað mest þegar Albert Guðmundsson sagði sig úr Sjálfstæðisflokknum og stofnaði Borgaraflokkinn. Þegar ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar, samstjórn Framsóknar- og Sjálfstæðisflokks var mynduð eftir kosningarnar 1983, var Albert gerður að fjármálaráðherra. Miklar hrókeringar voru á ráðherrastólum Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn Steingríms en Þorsteinn Pálsson, þá tiltölulega ný orðinn formaður Sjálfstæðisflokksins hafði ekki ráðherrastól. Kröfur flokksmanna um að Þorsteinn fengi ráðherrastól urðu háværi í ársbyrjun 1985 en enginn ráðherra flokksins vildi víkja fyrir formanninum. Haustið 1985 gerðu Geir Hallgrímsson og Þorsteinn samkomulag um að Geir myndi víkja úr ríkisstjórninni en hann var utanríkisráðherra. Færðu allir ráðherra Sjálfstæðisflokksins sig á milli ráðuneyta til þess að koma Þorsteini inn í ríkisstjórnina en Albert varð iðnaðarráðherra. Geir baðst lausnar fyrir sig í janúar 1986 og lauk þar með pólitískum ferli hans. Ráðherrar Framsóknarflokksins sátu hins vegar kyrrir í sínum ráðuneytum.²⁰

¹⁷ „Flokkurinn er klofinn“, *Morgunblaðið*, 2. desember 1986, bls. 2.

¹⁸ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 160.

¹⁹ „Um 400 manns hyggjast segja sig úr Framsóknarflokknum“, *DV*, 14. febrúar 1987, bls. 40.

²⁰ Jakob F. Ásgeirsson og Sigríður K. Þorgrímsdóttir, *Stjórnarráð Íslands III*, bls. 15–16.

Albert lenti í vandræðum árið 1985 í tengslum við Hafskipsmálið svokallaða. Þá var Albert samtímis stjórnarformaður Hafskips og í bankastjórn Útvegsbankans þegar fyrrnefnda fyrirtækið varð gjaldþrota. Þáttur Alberts Guðmundssonar var hins vegar ekki búinn þegar leið á kosningar, langt því frá. Þann 19. mars 1987 greindi *Helgarpósturinn* frá því að Albert hefði verið uppvís að skattsvikum og að Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstæðisflokksins krefðist afsagnar flokksbróður síns.²¹ Við rannsókn á bókhaldi Hafskips fann rannsóknarlögreglan merki um tvær greiðslur sem höfðu farið til Alberts á árunum 1984 til 1985 án þess að hann hefði gefið þær upp til skatts en upphæðin var 247.000 krónur. Alvarleiki málsins var hins vegar sá, að á þessum árum var Albert fjármálaráðherra og því yfirmaður skattamála á Íslandi.²²

Málið var litið alvarlegum augum, sérstaklega innan Sjálfstæðisflokksins og hélt Þorsteinn blaðamannafund sama dag og frétt *Helgarpóstsins* kom út. Á blaðamannafundinum vildi Þorsteinn ekki staðfesta þær fréttir að hann hefði farið fram á afsögn Alberts og vildi Þorsteinn ræða við Albert undir fjögur augu áður en ákvörðun yrði tekin um framhaldið.²³ Á þessum tíma var Albert staddur á fundi norrænna iðnaðarráðherra í Kaupmannahöfn. Blaðamannafundur Þorsteins vakti mikið umtal, og þá sérstaklega á meðal stuðningsmanna Alberts. Þeir töldu ómaklegt að gera mál hans að fréttafni þegar hann var ekki staddur á landinu. Aðeins vika var í að framboðsfrestur til Alþingiskosninga rynni út og var reiði stuðningsmanna Alberts ekki síst spröttin vegna þess.²⁴ *Alþýðublaðið*, ásamt fleirum töldu að Þorsteinn hefði valið þennan tíma til blaðamannafundar, þegar Albert var erlendis, til þess að koma í veg fyrir að Albert gæti boðið fram sérstakan lista. *Alþýðublaðið* sagði að Sjálfstæðisflokkurinn hefði viljað „koma í veg fyrir að maðurinn með níu lífin, bætti því tíunda við með sérframboði í Reykjavík.“²⁵

Albert kom aftur til landsins 21. mars og fundaði hann með Þorsteini morguninn eftir. Á fundi þeirra fékk Albert tvo valkosti. Annars vegar að segja af sér ráðherradómi og hins vegar að verða vikið úr embætti með vantrausti. Albert kaus fyrri kostinn en krafðist þess að halda fyrsta sæti sínu á lista flokksins í Reykjavík. Þá bað Albert einnig um tveggja sólarhringa frest til þess að átta sig á þessum breyttu aðstæðum. Þennan tveggja sólarhringa frest nýtti Albert vel. Kvöldið sem fundur

²¹ „Þorsteinn krefst afsagnar Alberts!“, *Helgarpósturinn*, 19. mars 1987, bls. 8.

²² Viðtal við Þorstein Pálsson 3. mars 2017.

²³ „Pólitísk ábyrgð yfirmanns skattamála óneitanlega meiri“, *Morgunblaðið*, 20. mars 1987, bls. 28.

²⁴ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 169.

²⁵ „Albert látinn fjúka?“, *Alþýðublaðið*, 20. mars 1987, bls. 1.

Alberts og Þorsteins fyllti „hulduherinn“, hörðustu stuðningsmenn Alberts, veitingastaðinn Þórscafé.²⁶

Mánudaginn 23. mars hittust Steingrímur Hermannsson og Þorsteinn Pálsson þar sem Þorsteinn upplýsti forsætisráðherrann um stöðu mála. „Þorsteinn sagðist þess fullviss að engir eftirmálar yrðu, hvorki fyrir ríkisstjórnina né Sjálfstæðisflokkinn.“²⁷ Daginn eftir, 24. mars fór fram þingflokksfundur Sjálfstæðisflokksins. „Á þessum fundi var einungis eitt mál á dagskrá: Það var lausnarbeiðni Alberts Guðmundssonar,“ sagði Ólafur G. Einarsson, formaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins. Þingflokkurinn féllst á lausnarbeiðni Alberts og tók Þorsteinn við embætti iðnaðarráðherra af Alberti, auk þess að gegna embætti fjármálaráðherra. Á blaðamannafundinum var Albert spurður hvort hann gerði kröfu á ráðherraembætti í næstu ríkisstjórn, sem efsti maður á lista Sjálfstæðisflokksins: „Það getur vel verið, en ég veit ekki hvort það verður nokkuð tekið mark á því.“²⁸ Síðar sama dag sagði Þorsteinn við *Morgunblaðið*: „Albert verður ekki ráðherra aftur.“²⁹

Albert hafði neitað öllum viðtölum í kjölfar afsagnar sinnar. En þegar Þorsteinn ákvað að mæta í beina útsendingu á *Stöð 2* sama kvöld og afsögn Alberts var tilkynnt, þann 24. mars³⁰, hringdi Albert í fréttamann Ríkissjónvarpsins og boðaði komu sína í beina útsendingu.³¹ Albert fór mikinn í viðtalinu og gagnrýndi hann m.a. forystu Sjálfstæðisflokksins. Hann benti á það ósamræmi að sér hefði verið vikið úr ráðherrastól en fengi hins vegar að halda fyrsta sæti sínu á lista stærsta flokks landsins í stærsta kjördæmi landsins, Reykjavík. Þá ítrekaði Albert einnig að hann væri enn efstur á lista Sjálfstæðisflokksins, en hann vildi þó ekki útiloka neitt hvað varðaði sérframboð.³²

Fáir vissu hins vegar að undirbúningur að sérframboði Alberts var þá þegar hafinn. Í viðtalinu var minnst á að einn dyggasti stuðningsmaður Alberts hafi fengið skráðan listabókstafinn S fyrir Borgaraflokkinn. „Það var ekki gert að mínu frumkvæði en ég vissi að það stóð til,“ sagði Albert við því.³³ Þá vissu enn færri að Albert hefði rætt við mögulega frambjóðendur og kallað einhverja á sinn fund í

²⁶ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 169.

²⁷ Sama heimild, bls. 169–170.

²⁸ „Þingflokkurinn féllst á lausnarbeiðni hans“, *Morgunblaðið*, 25. mars 1987, bls. 32–33.

²⁹ „Á ekki að höggva tvisvar í sama knérunn sama dag“, *Morgunblaðið*, 25. mars 1987, bls. 32.

³⁰ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 170.

³¹ Viðtalið má finna uppáskrifað í *Og þá flaug hrafnninn* eftir Ingva Hrafn Jónsson á bls. 123–137.

³² Ingvi Hrafn Jónsson, *Og þá flaug hrafnninn*, bls. 123–124.

³³ Sama heimild, bls. 123.

iðnaðarráðuneytinu áður en hann sagði af sér. Einn þeirra sem mætti á fund Alberts var Júlíus Sólnes, verkfræðiprófessor við Háskóla Íslands en hann hafði ekki fengið sæti á lista Sjálfstæðisflokksins á Reykjanesi. Júlíus mætti á fund Alberts að morgni 24. mars, daginn sem hann skrifaði undir afsögn sína en Júlíus varð hægri hönd Alberts í kosningunum og leiddi lista Borgaraflokks á Reykjanesi.³⁴

Ummæli Þorsteins um að Albert yrði ekki ráðherra aftur var kornið sem fyllti mæli Alberts. Framboðsfrestur til Alþingis átti að renna út á miðnætti 27. mars, svo tíminn var naumur. Jafnframt því að draga framboð sitt til baka, ákvað Albert að bjóða sig fram í sérframboði í Alþingiskosningunum, undir listabókstafnum S, í nafni Borgaraflokksins. Borgaraflokkurinn náði með hraði og greinilega talsverðum undirbúningi að bjóða sig fram í öllum kjördæmum landsins. Að vísu var framboð flokksins dæmt ólöglegt á Vestfjörðum af yfirkjörstjórn en sú ákvörðun var á endanum dregin til baka og fékk Borgaraflokkurinn að bjóða sig fram í kjördæminu.³⁵

A-flokkarnir

Jón Baldvin Hannibalsson tók við formennsku Alþýðuflokksins árið 1984, en flokkurinn var þá í mikilli lægð. Flokkurinn fékk 11,7% atkvæða og sex þingmenn kjörna í Alþingiskosningunum 1983.³⁶ Í samtali við Jón Baldvin segir hann að flokkurinn hafi verið með Pilsner fylgi (um 2,5%) eftir kosningarnar. Jón Baldvin blés því til mikillar sóknar og fékk flokkurinn viðspyrnu.³⁷ Allt frá árinu 1971 hafði verið reynt að fá Jón Sigurðsson, hagfræðing og forstjóra Þjóðhagsstofnunar, til þess að gefa kost á sér til framboðs fyrir Alþýðuflokkinn. Jón var mikils metinn en hann hafði verið ráðgjafi margra ríkisstjórna.³⁸ Jón Baldvin reyndi einnig að fá hann til Alþýðuflokksins en þeir höfðu þekkt frá blautu barnsbeini. Í samtali við Jón Baldvin segir hann að Jón Sigurðsson var af traustum krataettum og voru þeir nafnarnir saman í sveit í Ögri við Ísafjarðardjúp í mörg sumur. Einnig bjuggu þeir á sama tíma í Stokkhólmi og var samband þeirra ávallt náð. Jón Baldvin segist hafa verið hálfgerður fósturfaðir Jóns, þótt svo aldursmunur þeirra hafi ekki verið nema tvö ár.³⁹

³⁴ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 171.

³⁵ „Dæmt ólöglegt af yfirkjörstjórn“, *Morgunblaðið*, 31. mars 1987, bls. 70.

³⁶ *Kosningaskýrslur 1949–1987*, bls. 1055.

³⁷ Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson 3. febrúar 2017.

³⁸ Guðjón Friðriksson, *Úr fjötrum*, bls. 443.

³⁹ Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson 3. febrúar 2017.

Jón Baldvin bauðst til þess að víkja úr fyrsta sæti Alþýðuflokksins í Reykjavík fyrir Jón. Hinum fyrrnefnda þótti ekki ráðlagt að fleygja óvönnum manni eins og Jóni í prófkjörsleðjuslag.⁴⁰ Jón féllst á þetta og fékk hann fyrsta sæti á lista Alþýðuflokksins í Reykjavík. Þá var ekki hægt að færa Jóhönnu Sigurðardóttur úr öðru sætinu og velti Jón Baldvin því fyrir sér hvort hann ætti að fara í framboð í Austurlandskjördæmi. Hann ákvað hins vegar að setjast í þriðja sætið í Reykjavík.⁴¹ Fyrir tilkomu Borgaraflokksins var Alþýðuflokkurinn á góðri siglingu og í samtali höfundar við Jón Baldvin segist hann hafa gert sér vonir um 25-30% fylgi í kosningunum.⁴²

Jón Baldvin gaf það út fyrir kosningar að hann stefndi að viðreisnarstjórn, ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Alþýðuflokks. Í samtali við höfund segir hann að viðreisnarstjórnin frá 1959-1971 hefði verið ágæt byrjun en hefði ekki lokið verkum sínum. Því vildi hann ljúka við verk viðreisnarstjórnarinnar. Einnig var áhugi fyrir viðreisnarstjórn úr röðum Sjálfstæðisflokksins en í samtali höfundar við Þorstein Pálsson segist hann hafa rætt við Jón Baldvin fyrir kosningarnar um mögulegt samstarf flokkanna eftir kosningar.⁴³ Jón Baldvin vildi hvorki ganga í stjórn með Framsóknarflokki, né Alþýðubandalaginu þar sem hann taldi flokkana bera ábyrgð á þeirri óstjórn efnahagsmála sem ríkt hafði verið allt frá falli Viðreisnarstjórnarinnar. Jón Baldvin var sennilega harðasti gagnrýnandi framsóknaráratuganna tveggja, áttunda og níunda áratugarins. Þegar allt virtist stefna í frábæra kosningu Alþýðuflokksins, klauf Albert Guðmundsson Sjálfstæðisflokkinn og stofnaði Borgaraflokkinn. Í samtali höfundar við Jón Baldvin segist hann hafa eyrnamerkt sér lausafylgið og óánægjufylgið en það hafði mikla samúð fyrir Alberti og þyrptist að honum.⁴⁴

Þegar leið að kosningum var ljóst að staða Alþýðubandalagsins var orðin erfið. Í samtali höfundar við Svavar Gestsson sagði hann að Alþýðubandalagið hafi staðið sig vel í skoðanakönnunum allt til ársins 1986. Þá fóru innanflokksátök að spyrjast út og fylgi flokksins dalaði. Svavar bjóst við því að flokkurinn myndi tapa fylgi í kosningunum.⁴⁵ Flokkurinn hafði tapað fylgi í síðustu tveimur kosningum, Alþingiskosningunum 1979 og 1983. Í kosningunum 1983 fékk flokkurinn 17,3%

⁴⁰ Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson 3. febrúar 2017.

⁴¹ Guðjón Friðriksson, *Úr fjötrum*, bls. 443.

⁴² Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson 3. febrúar 2017.

⁴³ Viðtal við Þorstein Pálsson 3. mars 2017.

⁴⁴ Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson 3. febrúar 2017.

⁴⁵ Viðtal við Svavar Gestsson 3. apríl 2017

fylgi og tíu þingmenn.⁴⁶ Allt stefndi í að flokkurinn myndi tapa enn meira fylgi og í skoðanakönnunum tæpum mánuði fyrir kosningar sögðust aðeins 8,2% landsmanna ætla sér að kjósa Alþýðubandalagið í komandi kosningum. Í samtali við *Morgunblaðið* var Svavar Gestsson áhyggjufullur fyrir hönd vinstri manna þar sem könnunin sýndi fram á það að Sjálfstæðisflokkurinn gæti fengið samtals 30 þingmenn, það er að segja sameinaður Sjálfstæðisflokkur og Borgaraflokkur.⁴⁷

Talið var að Samtök um kvennalista og nýi stjórn mála flokkurinn, Þjóðarflokkurinn hafi hoggjið skörð í raðir fylgjenda Alþýðubandalagsins. Á Vestfjörðum var Sveinbjörn Jónsson talinn vera líklegt þingmannsefni fyrir Alþýðubandalagið en hann ákvað að ganga til liðs við Þjóðarflokkinn.⁴⁸ Þegar unnið var að uppstillingu á framboðslistum Alþýðubandalagsins héldu margir að Svavar Gestsson, formaður flokksins myndi sýna sama kjark og þor og kollegi hans hjá Alþýðuflokksnum, Jón Baldvin Hannibalsson. Jón Baldvin vildi tryggja góða kosningu Alþýðuflokksins með því að setja sjálfan sig í þriðja sæti á lista flokksins í Reykjavík. Svavar íhugaði slíkt en hann vildi ekki að menn yrðu svona montnir af sjálfum sér. Svavar endaði á að vera í fyrsta sæti á lista flokksins í Reykjavík. Hann þrýsti hins vegar á að Ólafur Ragnar Grímsson myndi bjóða sig fram í Reykjaneskjördæmi, í stað Reykjavíkurbkjördæmi. Það gerði Ólafur Ragnar, og gaf kost á sér í annað sæti á lista flokksins í Reykjaneskjördæmi. Stuðningsmenn Ólafs Ragnars urðu ekki ánægðir með þessa ákvörðun hans.⁴⁹

„Þriðja víddin“

Sérstakt Kvennaframboð var stofnað árið 1982 til þess að taka þátt í sveitarstjórnarkosningum sama ár. Kvennaframboðskonur og kvennalistakonur höfnuðu hugtökum eins og „hægri“ og „vinstri“ eins og fjórflokkarnir skilgreindu sig. Þess í stað skilgreindu þær sig sem „þriðju víddina“.⁵⁰ Þegar líða fór að Alþingiskosningum árið 1983 fóru kvennaframboðskonur að velta því fyrir sér hvort rétt væri að bjóða fram sérframboð í kosningunum. Einhverjar konur vildu að það yrði Kvennaframboð til að vege upp á móti því karlavígi sem Alþingi Íslendinga hafði verið alla tíð. Fyrir kosningarnar 1987 voru aðeins þrjár konur sem sátu á þingi af 60

⁴⁶ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 538.

⁴⁷ „Áminning fyrir alla vinstri menn“, *Morgunblaðið*, 31. mars 1987, bls. 70.

⁴⁸ Óskar Guðmundsson, *Alþýðubandalagið*, bls. 339.

⁴⁹ Sama heimild, bls. 336–337.

⁵⁰ Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, bls. 13.

þingmönnum en það gera rúmlega 5%. Kona var fyrst kjörin á þing árið 1922 og var það Ingibjörg H. Bjarnason en fyrsti kvenráðherrann var sett í embætti árið 1970 þegar Auður Auðuns varð dóms- og kirkjumálaráðherra.

Hins vegar voru margar þeirra sem stóðu að Kvennaframboðinu sem vildu ekki að það byði sig fram til Alþingis. Þær vildu frekar einbeita sér að þeim fjölmörgu verkefnum sem voru í borgarmálunum.⁵¹ Guðrún Agnarsdóttir var ein þeirra kvenna sem vildi að Kvennaframboðið byði sig fram til Alþingis. Í samtali höfundar við hana segir hún að konur hafi skipst í tvennt þegar kom að Alþingiskosningunum 1983. Hópur kvenna vildi að kvennaframboðið stigi skrefi lengra. Að framboðið ætti að fara inn í landsmálin, en ekki aðeins borgarmálin. Annar hópur kvenna sagði: „Nei það er alveg ómögulegt. Utanríkismál? Ekki nokkur möguleiki að konur geti sameinast um það.“⁵² Greidd voru atkvæði innan Kvennaframboðsins á Hótel Vík og meirihluti kvenna sem kaus gegn því að boðið væri fram til Alþingis. Það munaði ekki nema tveimur atkvæðum en þetta var eina skiptið sem atkvæðakosning fór fram innan Kvennaframboðsins samkvæmt Guðrúnu. Annars var samráð á milli kvennanna í stað kosninga. Minnihlutinn, þ.e.a.s þær sem kusu með því að boðið væri fram til Alþingis, gafst hins vegar ekki upp og boðaði til fundar á Hótel Borg. Þar var ákveðið að bjóða fram Alþingis.⁵³ Samtök um kvemalista voru formlega stofnuð 13. mars 1983 á Hótel Esju og voru stofnfélagar 102.⁵⁴ Kvemalistinn fékk 5,5% atkvæða í kosningunum 1983 og voru þrjár konur kjörnar á þing, þar á meðal Guðrún Agnarsdóttir.⁵⁵

Fyrir Alþingiskosningarnar 1987 kom upp sú hefðbundna spurning, hvort það ætti að bjóða fram og var algjör samstaða um framboð. Í kosningunum árið 1983 bauð Kvemalistinn sig fram í þremur kjördæmum en í kosningunum 1987 bauð Kvemalistinn sig fram í öllum kjördæmum landsins.⁵⁶ Samkvæmt Guðrúnu Agnarsdóttur var góð tilfinning innan Kvemalistans í aðdraganda kosninganna 1987. „Mér finnst við hafa fundið meðbyr.“⁵⁷

Í *Morgunblaðinu* má finna ótal skoðanakannanir í aðdraganda kosninganna 1987. Athyglisvert er að bera saman skoðanakannanir Félagsvísindastofnunnar Háskóla Íslands fyrir og eftir stofnun Borgaraflokksins. Aðeins eru tvö framboð sem

⁵¹ Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, bls. 129.

⁵² Viðtal við Guðrúnu Agnarsdóttur 5. apríl 2017.

⁵³ Sama heimild.

⁵⁴ Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“, bls. 142.

⁵⁵ Sama heimild, bls. 155.

⁵⁶ Sama heimild, bls. 190.

⁵⁷ Viðtal við Guðrúnu Agnarsdóttur 5. apríl 2017

buðu sig fram til Alþingis sem auka við fylgið sitt eftir stofnun Borgaraflokksins, en það eru Framsóknarflokkurinn og Kvinnalistinn. Í könnun þann 17. mars, þ.e. viku áður en Albert Guðmundsson sagði af sér sem iðnaðarráðherra, var Kvinnalistinn með 5,7% atkvæða. Það er 0,2% aukning frá kosningunum 1983.⁵⁸ Í síðustu könnun Félagsvísindastofnunarinnar fyrir kosningar, þann 23. apríl, þ.e. tveimur dögum fyrir kosningar var Kvinnalistinn með 10,9% atkvæða. Það er rúmlega helming aukning frá kosningunum 1983.⁵⁹

Stjórnarflokkarnir

Ríkisstjórnarflokkarnir, Framsóknarflokkurinn og Sjálfstæðisflokkurinn fóru báðir laskaðir í kosningar eftir klofninga líkt og áður segir. Steingrímur fagnaði því að ríkisstjórninni hefði tekist að sitja út allt kjörtímabilið en viðurkenndi að þreyta og taugatitringur hafi sett mark sitt á síðasta vetur ríkisstjórnarinnar.⁶⁰ Norðurlandskjördæmi eystra hafði verið helsta vígi framsóknarmanna á lýðveldistímanum og var það því áfall að Stefán Valgeirsson skyldi segja sig úr flokknum og stofna sérframboð í kjördæminu. Stefán var vinsæll í kjördæminu og var því ljóst að Framsóknarflokkurinn myndi tapa einhverjum atkvæðum.

Steingrímur ákvað að breyta til og bjóða sig fram í Reykjaneskjördæmi í stað Vestfjarðarkjördæmis. Þetta var ákveðin áhætta fyrir Steingrím því í kosningunum 1983 hafði Framsóknarflokkurinn ekki náð manni inn á þing í Reykjaneskjördæmi. Hið nýja kjördæmi Steingríms var töluvert fjölmennara en Vestfjarðarkjördæmi og vissi Steingrímur fljótt að útilokað væri fyrir hann að notast við sömu aðferðir og fyrir vestan. Þar gekk hann á milli húsa til þess að kynnast kjósendum. Á Reykjanesi ákvað Steingrímur hins vegar að leggja áherslu á stærri vinnustaði og notast við fjölmiðla og auglýsingar.⁶¹ Samkvæmt skoðanakönnunum átti Steingrímur í hættu á því að missa þingsæti sitt. Í byrjun árs 1987 var flokkurinn aðeins með 13,4% í skoðanakönnunum sem er rúmum 5% minna en flokkurinn hafði fengið í kosningunum 1983. Þá var flokkurinn aðeins með 5% fylgi á Reykjanesi.⁶²

Þorsteinn Pálsson leiddi Sjálfstæðisflokkinn í fyrsta sinn í kosningum árið 1987. Ljóst var að kosningarnar áttu eftir að vera erfiðar fyrir hinn óreynda formann,

⁵⁸ „Veruleg fylgisaukning Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík“, *Morgunblaðið*, 17. mars 1987, bls. 36.

⁵⁹ „Litlar breytingar á fylgi flokkanna“, *Morgunblaðið*, 23. apríl 1987, bls. 32.

⁶⁰ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 158.

⁶¹ Sama heimild, bls. 174.

⁶² Sama heimild, bls. 172.

sérstaklega í kjölfar klofningsins. Albert hafði mikið persónufylgi á bak við sig, hulduherinn svokallaða og fylktu þeir sér á bak við Albert. Skoðanakannanir sýndu strax að Borgaraflokkurinn myndi fá mikið fylgi, og þá mest á kostnað Sjálfstæðisflokksins. Þingflokkur Sjálfstæðisflokksins stóð þó við bakið á formanni sínum í Albertsmálinu, og sögðu hann fara rétt að.

Í samtali við Þorstein segir hann að hann hafi rætt mikið við Albert í kringum klofninginn. Þorsteinn ákvað að styðja Albert áfram nema ef það skyldi koma í ljós að greiðslurnar sem Albert hafði fengið frá Hafskipum hefðu ekki verið taldar fram til skatts. Þorsteinn viðurkennir að hann hafi gert ráð fyrir því að Albert myndi kljúfa flokkinn og vinna mikinn sigur og að hann sjálfur myndi tapa í kosningunum sem myndi sennilega kosta hann formennskuna í Sjálfstæðisflokki. Þorsteinn taldi einnig að Albert yrði ekki ánægður með þessa ákvörðun til frambúðar. Í samtali við Þorstein segir hann að Albert hafi tekið undir þessa skoðun sína en að fólk í kringum hann væru komið of langt í ferlinu við stofnun Borgaraflokksins, og gæti hann því ekki hætt við. Þorsteinn vissi að hulduherinn væri að skipuleggja sérframboð Alberts og var það tilfinning Þorsteins að hulduherinn hafði átt töluvert stærri hlut í því að stofna Borgaraflokkinn heldur en Albert sjálfur.⁶³

Ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks var nokkuð vinsæl að mati Steingríms. Henni hafði tekist að bæta efnahagsástandið í landinu og hafði verðbólga ekki mælst minni í fimmtán ár.⁶⁴ Skoðanakannanir sýndu hins vegar ekki vinsældir ríkisstjórnarinnar og stefndi jafnvel í að stjórnin myndi falla. Sjálfstæðisflokkurinn útilokaði ekki áframhaldandi samstarf við Framsóknarflokkinn þar sem margt hafði gengið vel í samstarfi flokkanna.⁶⁵ Í lok árs 1986 virtist ríkisstjórnin ætla að halda meirihluta sínum en með tilkomu Borgaraflokksins breyttist það. Sjálfstæðisflokkurinn var með tæplega 40% fylgi í skoðanakönnunum en eftir stofnun Borgaraflokksins var fylgi hans skyndilega komið undir 30%. Á sama tíma var Framsóknarflokkurinn með rúmlega 13% fylgi. Fjórflokkurinn hafði allur tapað fylgi með tilkomu Borgaraflokksins. Fylgi hafði verið 90,4% samkvæmt skoðanakönnun í nóvember 1986 en var dottið niður í 68,9% í byrjun apríl 1987. Á hinn bóginn fór

⁶³ Viðtal við Þorstein Pálsson 3. mars 2017.

⁶⁴ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 159.

⁶⁵ Viðtal við Þorstein Pálsson 3. mars 2017.

Kvennalistinn að sækja í sig veðrið og var kominn með yfir 10% fylgi.⁶⁶ Í byrjun apríl var fylgi stjórnarflokkanna 39,4% og ríkisstjórnin samkvæmt því fallin.

Úrslit Alþingiskosninganna 1987

Íslendingar gengu til kosninga laugardaginn 25. apríl 1987 og lágu úrslitin fyrir morguninn eftir. Í mars 1983 hafði Alþingi samþykkt breytingar á stjórnarskránni. Breytingarnar fólu meðal annars í sér að þingsætum var fjölgað úr 60 í 63 þingsæti og svokallað kjördæmakjör og landskjör fellt niður.⁶⁷ Því var í fyrsta skiptið kosnir 63 þingmenn í kosningunum 1987 en þessi þingmannafjöldi stendur enn í dag. Ljóst var að mikið umrót hafði orðið á hinu íslenska flokkakerfi. Sjö framboð fengu kjörinn manni eða menn inn á þing en aldrei áður höfðu eins mörg framboð fengið kjörna fulltrúa á þing og ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks féll á einum manni. Þrjú framboð náðu ekki manni inn á þing. Bandalag jafnaðarmanna þurrkaðist af þingi eftir að hafa náð fjórum mönnum inn á þing í kosningunum 1983 en fékk aðeins 246 atkvæði í kosningunum 1987. Flokkur mannsins hlaut ekki góða kosningu, alls 1,6% atkvæða. Þjóðarflokkurinn fékk 1,3% atkvæða en fengu hins vegar góða kosningu í Vestfjarðarkjördæmi en þar fengu þeir 11,1% atkvæða.⁶⁸

Umrótið í gamalgrónu íslensku flokkakerfi sást hvað best á fylgi fjórflokksins. Aldrei áður hafði fjórflokkurinn fengið jafn lítið fylgi, eða 74,6%. Alþýðubandalagið og Sjálfstæðisflokkurinn fengu sína verstu kosningu í sögu flokkanna. Alþýðubandalagið fékk 13,4% atkvæða og 8 þingmenn kjörna. Þrátt fyrir lélega kosningu var Svavar Gestsson, formaður Alþýðubandalagsins ánægður með að ríkisstjórnin hefði fallið.⁶⁹ Hins vegar var það reiðarslag fyrir Alþýðubandalagið að tveir af þeirra öflugustu frambjóðendum, Ásmundur Stefánsson, forseti ASÍ og Ólafur Ragnar Grímsson náðu ekki kjöri á þing.⁷⁰ Í samtali við höfund sagði Svavar að það var sérstaklega slæmt að fá ekki Ásmund kjörinn á þing.⁷¹ Í sögu Sjálfstæðisflokksins hafði flokkurinn næstum alltaf fengið í kringum 40% fylgi og aldrei fengið undir 30% fylgi frá stofnun flokksins árið 1929. Nú fékk hann hins vegar 27,2% atkvæða og 18 þingmenn kjörna og var það mikið áfall fyrir flokkinn.

⁶⁶ Ólafur Þ. Harðarson og Gunnar H. Kristinsson, „The Icelandic Parliamentary Election of 1987“, bls. 223–224.

⁶⁷ *Kosningaskýrslur 1949–1987*, bls. 1097.

⁶⁸ Sama heimild, bls. 1138.

⁶⁹ „Ánægjulegt að ríkisstjórnin skuli fallin“, *Morgunblaðið*, 28. apríl 1987, bls. 24.

⁷⁰ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 177.

⁷¹ Viðtal við Svavar Gestsson 3. apríl 2017.

Alþýðuflokknum var spáð góðu gengi í kosningunum með sinn nýja formann, Jón Baldvin Hannibalsson. En flokkurinn fékk „aðeins“ 15,2% atkvæða og 10 þingmenn í stað 25-30% eins og Jón Baldvin hafði gert sér vonir um. Flokkurinn gat þó vel við unað og jókst þingflokkur þeirra um fjóra. Þó skal hafa það í huga að þrír þingmenn Bandalags jafnaðarmanna höfðu gengið inn í flokkinn árið 1986. Stækkaði þingflokkur Alþýðuflokksins því í raun aðeins um einn þingmann. Jón Baldvin gat þó verið ánægður með úrslit kosninganna. Hann komst sjálfur inn á þing, eftir að hafa verið í þriðja sæti á lista Alþýðuflokksins í Reykjavík.

Framsóknarflokknum hafði verið spáð tapi í kosningunum. Flokkurinn jók hins vegar við fylgi sitt frá kosningunum 1983 og fékk 18,9% fylgi og 13 þingmenn kjörna. Munaði þar mikið um forystu Steingríms Hermannssonar. Í stað þess að falla út af þingi, tvöfaldaði hann fylgi flokksins í Reykjaneskjördæmi og tók með sér annan mann inn á þing.⁷²

Borgaraflokkurinn varð til á undraverðum tíma. Skömmu áður en framboðsfrestur rann út tókst flokknum að manna lista og bjóða fram í öllum kjördæmum landsins. Persónufylgi Alberts Guðmundssonar sannaði sig og tókst flokknum að fá 10,9% fylgi og sjö þingmenn. Engum nýjum flokki utan fjórflokksins hafði tekist að fá slíkan þingstyrk og jafn mörg atkvæði í fyrstu atrennu líkt og Borgaraflokkurinn. Á kosninganótt eignaði Albert Guðmundsson formanni Sjálfstæðisflokksins, Þorsteini Pálssyni „það mikla afrek að kljúfa flokkinn, hrista af honum fylgið og fella ríkisstjórnina.“⁷³ Sjálfstæðisflokkurinn tapaði miklu fylgi í kosningunum en flokkurinn fékk 27,2% atkvæða eins og áður sagði. Þorsteinn segist í samtali við höfund hafa vitað að flokkurinn myndi tapa miklu fylgi, en tapið hefði orðið meira en hann hafði búist við. Þorsteinn velti fyrir sér stöðu sinni innan flokksins og fundaði hann með helstu forystumönnum flokksins. Á þeim fundi sagðist hann vera tilbúinn til þess að stíga til hliðar en það vildu menn ekki.⁷⁴

Samtökum um kvennalista tókst að tvöfalda þingflokk sinn. Kvennalistinn fékk 10,1% atkvæða og voru sex konur kjörnar á þing. Ólafur Þ. Harðarson og Gunnar H. Kristinsson telja að Kvennalistinn hafi sótt óánægjufylgi frá öllum flokkum. Aldrei áður höfðu flokkar utan fjórflokksins fengið yfir 10% atkvæða, og

⁷² Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 176.

⁷³ Sama heimild.

⁷⁴ Viðtal við Þorstein Pálsson 3. mars 2017

hvað þá tveir flokkar líkt og í kosningunum 1987, Borgaraflokkur og Kvinnalistinn.⁷⁵ Stefán Valgeirsson sem hafði sagt sig úr Framsóknarflokki og stofnað Samtök um jafnrétti og félagshyggju tókst að komast inn á þing. Líkt og hjá Alberti Guðmundssyni, sannaðist persónufylgi hans í Norðurlandskjördæmi eystra. Samtök Stefáns buðu sig aðeins fram í Norðulandskjördæmi eystra og fékk 1.893 atkvæði, sem dugði Stefáni til þess að vera kjörinn á þing.

Erfitt er að líta fram hjá Alberti Guðmundssyni og Borgaraflokki sem sigurvegara kosninganna. Þó er vert að minnast á sígra Kvinnalistans, Steingríms Hermannssonar og Stefáns Valgeirssonar. Sigur Kvinnalistans var mikill, sem og kvenna almennt. Kvinnalistanum tókst að tvöfalda þingflokk sinn, úr þremur í sex konur og þá höfðu aldrei fleiri konur verið kjörnar á þing, þrettán talsins. Steingrímur færði sig um set, frá Vestfjarðarkjördæmi yfir í Reykjaneskjördæmi. Skoðanakannanir gáfu til kynna að Steingrímur gæti átt í hættu að missa þingsætið sitt, en í stað þess, komst hann á þing og bætti við öðrum manni. Áhrif Stefáns Valgeirssonar á úrslit kosninganna voru mikil, ekki síst vegna þess að stjórnin hefði líklega haldið meirihluta sínum ef Stefán hefði verið áfram í Framsóknarflokki.

Fjórflokkurinn hafði aldrei fengið jafn lítið fylgi og í kosningunum 1987 líkt og áður hefur komið fram. Ástæða þess eru framboðin sem fengu mann eða menn kjörna inn á þing, utan fjórflokksins. Borgaraflokkurinn, Samtök um kvinnalista og Samtök um jafnrétti og félagshyggju höfðu gríðarleg áhrif á úrslit kosninganna. Áhrif framboðanna þriggja utan fjórflokksins var þó hvað helst í því stjórnarmyndunartafla sem var framundan. Erfitt var að sjá hvort að klofningsframboðin gætu unnið með fyrrum flokki sínum og þá var ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks fallin. Það stefndi í erfiðar og langar stjórnarmyndunarviðræður.

⁷⁵ Ólafur Þ. Harðarson og Gunnar H. Kristinsson, „The Icelandic Parliamentary Election of 1987“, bls. 228.

Stjórnarmyndun og stjórnarkreppa

Kvennalistinn í ríkisstjórn?

Í fyrsta skipti í stjórnmalasögu Íslands var tveggja flokka ríkisstjórn ómöguleg. Þá var þriggja flokka ríkisstjórn aðeins möguleg með aðkomu Sjálfstæðisflokksins og aldrei hafði verið mynduð ríkisstjórn fjögurra flokka eða fleiri. Algengasta stjórnarmynstur frá stofnun Lýðveldisins til dagsins í dag hefur verið tveggja flokka ríkisstjórn. Hins vegar hafa þriggja flokka ríkisstjórnir verið nokkuð tíðar á lýðveldistímanum.

Dagblöð landsins fóru strax að spá fyrir um mögulegar ríkisstjórnir.⁷⁶ Þreifingar á milli stjórnmalaflokka hófust einnig fljótlega og fór Jón Baldvin fyrir þeim. Líkt og áður hefur verið greint frá, þá vildi Jón Baldvin viðreisnarstjórn Alþýðuflokks og Sjálfstæðisflokks og vildi Þorsteinn skoða það einnig. En draumórar Jóns Baldvins urðu að engu í kjölfar kosninganna því sameiginlegur þingstyrkur flokkana var aðeins 28 þingmenn. Í samtali við Svavar Gestsson segir hann að Jón Baldvin hafi leitað til sín í þeirri von um að mynda ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokknum. Það var hins vegar ekki möguleiki þar sem Alþýðubandalagið vildi ekki vinna með Sjálfstæðisflokknum. „Við vorum flokkur sem gat ekki verið í stjórn með Sjálfstæðisflokknum nema fyrir einhverjar afbrigðilegar aðstæður, náttúruhamfarir eða einhver lifandi ósköp af því taginu.“ Að auki vildi Svavar ekki að Alþýðubandalagið færi í ríkisstjórn, þar sem flokkurinn var í sárum og þurfti tíma til að jafna sig.⁷⁷

Var því leitað til Kvennalistans en Jón Baldvin sagði í samtali við *Þjóðviljann* að hann taldi ríkisstjórn Alþýðuflokks, Sjálfstæðisflokks og Kvennalistans eðlilegasta kostinn.⁷⁸ Þær óformlegu viðræður flokkanna lognuðust fljótt út af þar sem kvennalistakonur áttu í litlum samskiptum við Alþýðuflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn. Sagt var í *DV* að alþýðuflokks- og sjálfstæðismenn hafi orðið óhressir með þögn Kvennalistans en kvennalistakonur svöruðu ekki ráðamönnum Sjálfstæðisflokksins og Alþýðuflokksins.⁷⁹

Þorsteinn fór óvenjulegar leiðir í óformlegum stjórnarmyndarviðræðum. Hann fékk báða ritstjóra Morgunblaðsins, þá Matthías Johannessen og Styrmí Gunnarsson

⁷⁶ Sjá forsíður *Morgunblaðsins*, *DV*, *Tímans* og *Þjóðviljans*, 28. apríl 1987.

⁷⁷ Viðtal við Svavar Gestsson 3. apríl 2017.

⁷⁸ „Ýmsar þreifingar í gangi“, *Þjóðviljinn*, 28. apríl 1987, bls. 1.

⁷⁹ „Dvínandi áhugi á Kvennalista“, *DV*, 5. maí 1987, bls. 32.

til þess að kanna möguleika á ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks á bak við tjöldin. Samskipti flokkanna voru erfið. Steingrímur bar ekki fullt traust til Jóns Baldvins, frekar en til Þorsteins. Ákvað Þorsteinn því að leita til ritstjóranna þar sem hann vissi að Matthías var æskuvinur Steingríms og Styrmir var persónulegur vinur Jóns Baldvins og gamall skólafélagi. Matthías og Steingrímur funduðu í sumarbústað forsætisráðherra 2. maí. Niðurstaða Matthíasar af fundi þeirra var sú að helst væru líkur á ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks. Spurði Matthías meðal annars hvort Steingrímur gæti orðið utanríkisráðherra í slíkri stjórn. Steingrímur útilokaði það ekki.⁸⁰

Steingrímur baðst lausnar fyrir sig og ríkisstjórn sína þann 28. apríl og hugðist Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands taka sér góðan tíma til þess að afhenda stjórnarmyndunarumboðið.⁸¹ Var það ekki fyrr en 10. maí sem Vigdís afhenti umboðið og var það Steingrímur sem fékk fyrstur að spreyta sig á myndun nýrrar ríkisstjórnar.⁸² Steingrímur lagði áherslu á myndun þriggja flokka ríkisstjórnar en hann taldi hana vera æskilegri en fjögurra flokka stjórn.⁸³ Þorsteinn var á sama máli og Steingrímur hvað það varðaði en hann taldi að fjögurra flokka stjórn væri óhugsandi.⁸⁴ Steingrímur lagði ekki mikla áherslu á að fá umboðið en hann baðst ekki undan því þegar Vigdís fól honum það. Í ævisögu sinni segir Steingrímur að hann vissi að það kæmi ekki í hans hlut að leiða næstu ríkisstjórn.⁸⁵

Steingrímur reyndi þó að mynda ríkisstjórn og ákvað hann að ræða við fulltrúa allra flokka. Steingrími varð fljótlega ljóst að honum tækist ekki að mynda ríkisstjórn. Steingrímur boðaði Kvinnalistann til fundar 11. maí og kom þar fram að Steingrímur myndi helst reyna ríkisstjórn Framsóknarflokks, Kvinnalistans og Sjálfstæðisflokks. Hann vildi hins vegar ekki útiloka fjögurra flokka stjórn.⁸⁶ Jón Baldvin vildi hins vegar mynda nýsköpunarstjórn Alþýðuflokks, Sjálfstæðisflokks og Kvinnalistans og þá vildi Þorsteinn ekki fara í ríkisstjórn með Kvinnalistanum undir stjórn Steingríms. Svavar Gestsson tilkynnti Steingrími að Alþýðubandalagið væri ekki tilbúið til

⁸⁰ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 178–179.

⁸¹ „Steingrímur biðst lausnar“, *Tíminn*, 29. apríl 1987, bls. 5.

⁸² „Viðræðurnar undir skugga nýsköpunar“, *Tíminn*, 12. maí 1987, bls. 5.

⁸³ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 176–177.

⁸⁴ „Þátttaka í fjögurra flokka stjórn er óhugsandi“, *Morgunblaðið*, 8. maí 1987, bls. 22.

⁸⁵ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 180.

⁸⁶ *Kvinnasögusafn*: Fundargerðir þingflokks Kvinnalistans 11. maí 1987.

stjórnarmyndunar og var Albert Guðmundsson á svipuðu máli. Steingrímur skilaði því umboðinu 13. maí.⁸⁷

Jón Sigurðsson, alþingismaður Alþýðuflokksins hringdi í fulltrúa Kvinnalistans morguninn 14. maí og kannaði hann hug þeirra. Voru málin rædd út frá því að annað hvort Þorsteinn eða Jón Baldvin fengju næst umboðið. Þar vildu alþýðuflokksmenn fara í viðræður ásamt Sjálfstæðisflokknum og Kvinnalistanum. Síðar sama dag fékk Kvinnalistinn hringingu frá forsetaskrifstofunni þar sem tilkynnt var að Þorsteini yrði falið umboðið.⁸⁸ Kvinnalistinn fundaði með Þorsteini og Friðriki Sophussyni, varaformanni Sjálfstæðisflokksins 19. maí og voru hugmyndir Sjálfstæðisflokksins skýrar. Alþýðubandalagið og Borgaraflokkurinn komu ekki til greina og þá var andstaða við ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Kvinnalistans innan Sjálfstæðisflokksins. Samkvæmt fundargerðum Kvinnalistans kom andstaða sjálfstæðismanna til af því að Framsóknarflokkurinn og Kvinnalistinn höfðu ekki ítök innan verkalýðshreyfingarinnar. Á fundinum kom fram að Þorsteinn og Friðrik stefndu að ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Kvinnalistans og Alþýðuflokks.⁸⁹ Bréf barst frá Þorsteini til Kvinnalistans þann 22. maí þar sem beðið var um þátttöku Kvinnalistans í stjórnarmyndunarviðræðum með Sjálfstæðisflokki og Alþýðuflokki. Kvinnalistinn svaraði með bréfi samdægurs, játandi.⁹⁰ Flokkarnir fóru í formlegar stjórnarmyndunarviðræður. Viðræðurnar komust hins vegar aldrei á flug og fékk Kvinnalistinn símtal frá alþýðuflokksmönnum þann 27. maí þar sem tilkynnt var að flokkurinn væri á leið út úr viðræðunum.⁹¹ Þann 28. maí tilkynnti Jón Baldvin þingflokki sínum að stjórnarmyndunarviðræðum Sjálfstæðisflokks, Alþýðuflokks og Kvinnalistans hefði verið slitið.⁹²

„Það var bara eins og tala við köttinn úr sjöstjörnunni,“ sagði Jón Baldvin um Kvinnalistan í samtali við höfund.⁹³ Kvinnalistinn stóð fast á sínu. Aðal ágreiningsmál flokkanna í viðræðunum var lágmarkslauna. Kvinnalistinn vildi hækka lágmarkslaun fólks, en þar voru konur í miklum meirihluta.⁹⁴ Sjálfstæðisflokkurinn og

⁸⁷ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 180.

⁸⁸ *Kvinnasögusafn*: Fundargerðir þingflokks Kvinnalistans 14. maí 1987..

⁸⁹ *Kvinnasögusafn*: Fundargerðir þingflokks Kvinnalistans 20. maí 1987.

⁹⁰ *Kvinnasögusafn*: Fundargerðir þingflokks Kvinnalistans 22. maí 1987.

⁹¹ *Kvinnasögusafn*: Fundargerðir þingflokks Kvinnalistans 27. maí 1987.

⁹² *ÞÍ*. Alþýðuflokkurinn 2008–36 A–A1/16. Fundargerðir þingflokks Alþýðuflokks 28. maí 1987 (10. fundur).

⁹³ Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson 3. febrúar 2017.

⁹⁴ Viðtal við Guðrúnu Agnarsdóttur 5. apríl 2017.

Alþýðuflokkurinn vildu ekki fara þá leið.⁹⁵ Guðrún Agnarsdóttir segir í samtali við höfund að flokkarnir hafi hlegið af þessari kröfu Kvinnalistsans.⁹⁶ Þorsteinn telur að Kvinnallistinn hefði verið of hikandi við málamiðlanir. Hann segir þó einnig að einhverju leyti hafi það verið þeim að kenna sem stýrðu Sjálfstæðisflokknum og Alþýðuflokknum að það slitnaði upp úr viðræðunum. Þorsteinn reyndi að finna flöt á því að þær yrðu með í ríkisstjórn. Í samtali við höfund segir hann að Kvinnallistinn hafi markað mikil straumhvörf í íslenskri pólitík og hafi verið fersk innspýting inn í íslensk stjórnsmál. Þær komu með ný og fersk viðhorf sem höfðuðu til kjósenda margra flokka, t.d. til fólks í frjálslyndari armi Sjálfstæðisflokksins.⁹⁷ Guðrún kunnir að meta Þorstein í viðræðunum. Hún segir að það hafi allt staðist sem hann sagði á fundum í viðræðunum og fann að það var hægt að treysta honum. Hún segir einnig að Jón Baldvin hafi aldrei líkað við Kvinnallistann.⁹⁸ Þorsteinn fór á fund Vigdísar, forseta Íslands, og skilaði stjórnarmyndunarumboðinu 29. maí eftir að hafa verið með það 15 daga.⁹⁹ Meira en mánuður var liðinn frá kosningum og fátt virtist stefna í myndun nýrrar ríkisstjórnar. Stjórnarkreppa var í landinu.

Jón Baldvin fær umboðið

Óvissuástand varð í íslenskum stjórnsmálum eftir að Þorsteinn skilaði stjórnarmyndunarumboðinu. Langur tími var liðinn frá kosningum og ekki var vitað hver fengi umboðið næst. Jón Baldvin var talinn líklegastur til þess að fá umboðið frá forseta Íslands en Alþýðuflokkurinn var þriðji stærsti flokkurinn á þingi. Tveir stærstu flokkarnir höfðu reynt að mynda ríkisstjórn og mistekist. Vigdís Finnbogadóttir afhenti umboðið ekki strax líkt og hún gerði eftir að Steingrímur skilaði því. Það liðu nokkrir dagar þangað til að umboðið var afhent og á þeim tíma sem leið skýrðist stjórnarmyndunin töluvert. Alþýðubandalagið ætlaði sér að vera í stjórnarandstöðu eftir fylgistaðið í kosningunum. Þá vildi Kvinnallistinn lögfasta lágmarkslaun, eins og áður sagði. Í samtali við Svavar Gestsson segir hann að krafa Kvinnalistsans hafi verið óaðgengileg fyrir flesta flokka og var hann því nánast útilokaður úr ríkisstjórn.¹⁰⁰ Möguleiki var fyrir því að mynda minnihlutastjórn Sjálfstæðisflokks og

⁹⁵ „Mikill ágreiningur um lögbindinguna“, *DV*, 25. maí 1987, bls. 48.

⁹⁶ Viðtal við Guðrúnu Agnarsdóttur 5. apríl 2017.

⁹⁷ Viðtal við Þorstein Pálsson 3. mars 2017.

⁹⁸ Viðtal við Guðrúnu Agnarsdóttur 5. apríl 2017.

⁹⁹ „Þorsteinn skilaði umboðinu í morgun“, *DV*, 29. maí 1987, bls. 48.

¹⁰⁰ Viðtal við Svavar Gestsson 3. apríl 2015.

Framsóknarflokks með stuðningi Stefáns Valgeirssonar en hann og Þorsteinn vildu það hvorugir.¹⁰¹ Þorsteinn hafði svo útilokað samstarf við Borgaraflokkinn.¹⁰² Því var aðeins um eina raunhæfa ríkisstjórn að ræða. Ríkisstjórn þriggja stærstu flokkanna, Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks.

Áður en að Þorsteinn skilaði umboðinu þá kannaði hann áhuga Framsóknarflokksins um ríkisstjórnarsamstarf með Sjálfstæðisflokknum og Alþýðuflokknum. Hins vegar var ekki nægur áhugi á viðræðum úr röðum Framsóknarflokksins að mati Þorsteins.¹⁰³ Þingflokkur Framsóknarflokksins fundaði daginn sem Þorsteinn skilaði umboðinu um mögulega stjórnarmyndun. Þingflokkurinn var sammála því að ný ríkisstjórn ætti að vera undir forystu Framsóknarflokksins, en ekki var samstaða um hvaða flokkar ættu að tilheyra þeirri ríkisstjórn. Þingflokkurinn stakk upp á tveimur möguleikum, og báðir innihéldu þeir Sjálfstæðisflokkinn. Alþýðuflokkurinn og Borgaraflokkurinn fengu jafn mörg atkvæði innan þingflokksins sem þriðji flokkur.¹⁰⁴ Líkt og áður hefur verið greint frá hafði Þorsteinn útilokað samstarf með Borgaraflokknum og var því ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks eini möguleikinn.

Eftir nokkurra daga bið afhenti Vigdís Finnbogadóttir, forseti Íslands stjórnarmyndunarumboðið til Jóns Baldvins þann 2. júní. Voru þá liðnir fjórir dagar frá því að Þorsteinn skilaði umboðinu til Vigdísar. Jón Baldvin ræddi strax við alla leiðtoga stjórnmalaflokkanna og átti hann m.a. langan fund með Alberti Guðmundssyni. Á þeim fundi skýrði Jón Baldvin að útilokað væri fyrir Borgaraflokkinn tæki þátt í þriggja flokka ríkisstjórn vegna andstöðu Sjálfstæðisflokksins.¹⁰⁵

„Allt annað en Jón Baldvin“

Áttunda og níunda áratug síðustu aldar má kalla framsóknaráratugi í íslenski stjórnmalasögu. Framsóknarflokkurinn sat í öllum ríkisstjórnnum, að undanskildri minnihlutastjórn Alþýðuflokks undir forsæti Benedikt Gröndals. Í kjölfar viðreisnaráranna fór myndaði Framsóknarflokkurinn vinstri stjórn árið 1971.

¹⁰¹ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 181. Sjá einnig *Morgunblaðið*, 30. maí 1987, bls. 72.

¹⁰² „Vill stjórn með Framsókn og Alþýðuflokki“, *Morgunblaðið*, 30. maí 1987, bls. 72.

¹⁰³ „Segir Kvinnalistann hafa viljað lögbinda öll laun“, *Tíminn*, 30. maí 1987, bls. 5.

¹⁰⁴ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 181.

¹⁰⁵ „Jón Baldvin á löngum fundi á heimili Alberts“, *DV*, 3. júní 1987, bls. 2.

Flokkurinn var í öllum ríkisstjórnnum þangað til að minnihlutastjórn Benedikts tók við undir lok ársins 1979. Er Gunnar Thoroddsen myndaði ríkisstjórn sína í febrúar 1980 komst Framsóknarflokkurinn aftur í ríkisstjórn og sat flokkurinn samfleytt við ríkisstjórnarborðið til ársins 1991.

Jón Baldvin og Steingrímur ræddu saman símleiðis daginn sem sá fyrrnefndi fékk umboðið til stjórnarmyndunar, 2. júní. Daginn eftir hittust þeir og voru þeir sammála um að eini möguleikinn á meirihlutastjórn, væri ríkisstjórn flokka þeirra ásamt Sjálfstæðisflokknum. Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn höfðu gengið í gegnum súrt og sætt fyrir og eftir kosningar. Þegar fréttist af fundi Jóni Baldvins og Steingríms þann 3. júní stoppaði síminn ekki hjá Steingrími. Framsóknarmenn um land allt hringdu í forsætisráðherrann og voru þeir allir með sömu skilaboðin: „Allt annað en Jón Baldvin.“¹⁰⁶ Sem einn helsti andstæðingur framsóknaráratuganna hafði Jón Baldvin oft farið ófögrum orðum um Framsóknarflokkinn. Fyrir kosningar sagði hann meðal annars; „Gustuk að við leysum Þorstein úr framsóknarfjósínu.“¹⁰⁷ Í samtali við Jón Baldvin sagði hann einnig að Framsóknarflokkurinn hafi hvorki kunnað, né skilið hvernig nútímahagkerfi virkaði og að efnahagspólitíkin þeirra hafi verið hörmung. „Verðbólga og vitleysa, agaleysi og stjórnleysi,“ bætti Jón Baldvin við og kallaði hann þetta Grútarbræðsluhagfræði Lúðvíks Jósepsonar. Jón Baldvin bætti því við um Framsóknarflokkinn að hann hafi talið sjávarútveginn vera mikilvægasta grein atvinnuvegarins, og svo kæmi landbúnaður. Allar aðrar atvinnugreinar væru afætur.¹⁰⁸ Skömmu eftir kosningar sagði Jón Baldvin einnig að hann hefði engan áhuga á viðræðum við Framsóknarflokkinn.¹⁰⁹

Það var ekki heldur samstaða í Alþýðuflokknum um samstarf flokksins við Framsóknarflokkinn. Karl Th. Birgisson skrifaði í *Alþýðublaðið*: „Nú er þessi sami Alþýðuflokkur á hraðri leið með að verða aukalöpp undir þeim þurs sem ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks var – og er. Hér er augljóslega eitthvað að.“¹¹⁰ En þrátt fyrir óvild í garð hvors annars, samþykktu þingflokkar flokkanna að ganga til viðræðna.

¹⁰⁶ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 182.

¹⁰⁷ „Gustuk að við leysum Þorstein úr framsóknarfjósínu“, *DV*, 24. apríl 1987, bls. 64.

¹⁰⁸ Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson 3. febrúar 2017.

¹⁰⁹ „Framsókn ekki til greina“, *Þjóðviljinn*, 30. apríl 1987, bls. 1.

¹¹⁰ Karl Th. Birgisson, „Í framsóknarvistinni“, *Alþýðublaðið*, 6. júní 1987, bls. 5.

Landslagið í íslenskri pólitík var hins vegar breytt sex vikum eftir kosningarnar. Svo virtist vera að samstarf þessara flokka var óhjákvæmileg. Steingrímur var þó ekki búinn að gefast upp á tveggja flokka stjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. Til þess þurfti hins vegar stuðning Stefáns Valgeirssonar og en Stefán setti fram ákveðin skilyrði fyrir því. Hann vildi ekki taka þátt í myndun nýrrar ríkisstjórnar, nema samtök hans fengu ráðherraembætti.¹¹¹ Steingrímur gat ekki samþykkt þessa kröfu Stefáns. „Við kaupum engan fyrir neitt slíkt. Það kemur ekki til nokkurra mála.“¹¹²

Valdatafl í Dagsbrún

Miðvikudaginn 3. júní lýsti Framsóknarflokkurinn því yfir, eftir fund þingflokksins að hann væri tilbúinn til viðræðna við Alþýðuflokkinn og Sjálfstæðisflokkinn. Síðar sama dag tilkynnti Jón Baldvin á blaðamannafundi að hann myndi hefja formlegar stjórnarmyndunarviðræður við Framsóknarflokk og Sjálfstæðisflokk.¹¹³ Formenn flokkanna þriggja hittust morguninn 4. júní og hafði Jón Baldvin vandlega valið fundarstaðinn. Formennirnir hittust í fundarsal Bókasafns Dagsbrúnar í húsakynnum Verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Á miðju fundarborðinu var hvítur vasi með rauðum rósum, tákni jafnaðarmanna.¹¹⁴ Þrátt fyrir að Jón Baldvin hefði umboðið til stjórnarmyndunar, þá þýddi það ekki þar með að hann yrði forsætisráðherra ef það tækist að mynda ríkisstjórn. Sagði Jón Baldvin sjálfur að það væri ekki sjálfgefið að hann færi með forsætið í mögulegri ríkisstjórn.¹¹⁵ Flokkarnir þrír sóttust allir eftir forsætisráðuneytinu og á fyrsta fundi formannanna tilkynnti Steingrímur að framsóknarmenn myndu aldrei samþykkja Jón Baldvin sem forsætisráðherra.¹¹⁶ „Við treystum ekki Alþýðuflokknum til að fara með forsæti í svona ríkisstjórn eftir næstum því þriggja ára opinbera baráttu gegn Framsóknarflokknum,“ sagði Steingrímur.¹¹⁷

Staða formannanna þriggja var töluvert ólík. Steingrímur var einn vinsælasti stjórnmálamaður landsins og samkvæmt skoðanakönnun *Helgarpóstsins* vildu 49%

¹¹¹ „Stuðningur Stefáns kostar ráðherrastól“, *DV*, 4. júní 1987, bls. 2.

¹¹² „Jón Baldvin má ráða dagskránni“, *DV*, 4. júní 1987, bls. 2.

¹¹³ *ÞÍ*. Alþýðuflokkurinn 2008–36 A–A8/7. Minnisatriði Jóns Baldvins 2.–6. júní 1987 til fjölmiðla.

¹¹⁴ Guðjón Friðriksson, *Úr fjötrum*, bls. 448.

¹¹⁵ „Jón Baldvin reynir við Steingrím og Þorstein“, *Tíminn*, 4. júní 1987, bls. 3.

¹¹⁶ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 182.

¹¹⁷ „Jón Baldvin má ráða dagskránni“, *DV*, 4. júní 1987, bls. 2.

landsmanna að Steingrímur yrði forsætisráðherra.¹¹⁸ Jón Baldvin leiddi stjórnarmyndunarviðræðurnar og gerði hann tilkall til forsætisráðherrastólsins vegna þess. Þorsteinn var í hvað verstu stöðunni af þeim þremur. Hann hafði leitt Sjálfstæðisflokkinn í gegnum sögulegt tap, en þrátt fyrir það var flokkurinn stærstur á þingi. Staða Þorsteins sem formaður flokksins var ekki eins sterk og hjá fyrirrennurunum sínum og þurfti hann því á forsætisráðuneytinu að halda, til þess að halda pólitísku lífi sínu sem formaður Sjálfstæðisflokksins gangandi. Líkt og áður hefur verið greint frá, þá bauðst Þorsteinn til þess að stíga til hliðar sem formaður flokksins, en forystumenn flokksins vildu það ekki. Staða Þorsteins var því veik. Kapphlaupið um forsætisráðuneytið var hafið.

Fyrsti fundur formlegra stjórnarmyndunarviðræðna hófst eftir hádegi 4. júní eftir að formennirnir þrír höfðu fundað einir um morguninn. Flokkarnir mættu allir með þrjá úr sínum herbúðum á fyrsta formlega fundinn. Halldór Ásgrímsson, varaformaður Framsóknarflokksins og Guðmundur Bjarnason mættu fyrir hönd síns flokks, ásamt formanni sínum. Í fylgdarliði Þorsteins voru Friðrik Sophusson og Ólafur G. Einarsson. Jón Baldvin mætti með nafna sinn Sigurðsson og Jóhönnu Sigurðardóttur.¹¹⁹ Ekki voru allir þingmenn Alþýðuflokksins ánægðir með val Jóns Baldvins á fulltrúum sínum í viðræðunum, því þau komu bæði úr Reykjavík. Sömu fulltrúar höfðu farið fyrir Alþýðuflokknum í viðræðunum við Sjálfstæðisflokkinn og Kvinnalistann. Óánægjan var mest á Vestfjörðum. Sighvatur Björgvinsson, þingmaður flokksins úr Vestfjarðarkjördæmi, sendi bréf til þingflokks Alþýðuflokksins 4. júní. Sjálfur komst Sighvatur ekki á þingflokksfund þann 4. júní vegna persónulegra ástæðna. Í bréfinu gagnrýndi hann þá ákvörðun Jóns Baldvins fyrir að velja engan þingmann úr röðum landsbyggðarþingmanna flokksins sem fulltrúa flokksins í viðræðunum, þrátt fyrir að flestir hefðu langa þingreynslu að baki. „Af þessu tilefni tel ég tímabært að spurt sé og fram komi á þingflokksfundi hvort því sé virkilega svo farið að yfirleitt sé ekki gert ráð fyrir þátttöku neins landsbyggðarþingmanns Alþýðuflokksins í stjórnarmyndunarviðræðum af hans hálfu.“¹²⁰

Jón Baldvin stýrði viðræðunum með nýstárlegum hætti. Hann notaðist við „skólameistarastælan“ líkt og hann sagði í samtali við höfund. Hann setti mönnum

¹¹⁸ „Langflestir treysta Steingrími“, *Helgarpósturinn*, 30. apríl 1987, bls. 8

¹¹⁹ Guðjón Friðriksson, *Úr fjötrum*, bls. 449.

¹²⁰ ÞÍ. Alþýðuflokkurinn 2008–36 A–A8/7. Bréf Sighvats Björgvinssonar til þingflokks Alþýðuflokksins.

fyrir og setti upp dagskrá fyrir viðræðurnar. Þá var hann einnig duglegur að láta fjölmiðla vita hvernig viðræðunum miðaði.¹²¹ „Verkstjórn viðræðnanna var góð og undirbúningur með ágætum. Jón Baldvin má eiga það,“ sagði Steingrímur í ævisögu sinni.¹²² Þorsteinn sagði einnig að verkstjórn Jóns Baldvins hafi verið með miklum ágætum í samtali við höfund.¹²³

Morgunblaðið tók stöðuna á gangi mála eftir fyrsta fund formlegra viðræðna. Jón Baldvin kvaðst vera ánægður með þetta upphaf en Þorsteinn fór varlega í yfirlýsingarnar og sagði að viðræðurnar væru á byrjunarstigi. Steingrímur vildi hins vegar ekki ræða við fréttamenn blaðsins en *Morgunblaðið* hafði heimildir fyrir því að hljóðið væri þungt í framsóknarmönnum og að áhugi þeirra á viðræðunum væri takmarkaður. „Einn viðmælandi *Morgunblaðsins* orðaði það þannig í gær [4. júní] að framsóknarmenn drægju fætuna í þessum viðræðum og væru einungis í þeim til málamynda.“¹²⁴

Þrátt fyrir að Steingrímur hafi beðist lausnar fyrir sig og ríkisstjórn sína þann 28. apríl þá gegndi hann enn störfum forsætisráðherra þangað til að ný stjórn yrði mynduð. Sem forsætisráðherra ferðaðist Steingrímur til Portúgals til þess að hitta Aníbal Cavaco Silva, forsætisráðherra landsins 6. júní, eða tveimur dögum eftir upphaf viðræðnanna. Töldu ýmsir að Steingrímur væri að lítilsvirða forystu Alþýðuflokksins með ferð sinni til Portúgals. Halldór Ásgrímsson, leiddi viðræðurnar fyrir hönd flokksins í fjarveru Steingríms. Jón Baldvin hélt því fram að Steingrímur væri áhugalítill um viðræðurnar.¹²⁵

Viðræðurnar héldu þó áfram þrátt fyrir fjarveru Steingríms. Eftir að viðræðurnar höfðu verið í gangi í tæpa viku gáfu þingflokkar Alþýðuflokks og Framsóknarflokks grænt ljós á áframhaldandi viðræður. Taka átti fyrir erfiðustu málin á þessu stigi viðræðnanna en þau voru húsnæðismál, landbúnaðarmál og ríkisfjármál. Flokkana greindi mest á í þessum málum og var því ákveðið að setja á laggirnar sérstakar undirnefndir um málin.¹²⁶ Sverrir Hermannsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og menntamálaráðherra í ríkisstjórn Steingríms, var bjartsýnn á myndun nýrrar ríkisstjórnar. Svo bjartsýnn að hann taldi að ný ríkisstjórn yrði mynduð á næstu dögum: „Það er ekki um neitt annað en að tala en að ríkisstjórn verði

¹²¹ Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson, 3. febrúar 2017.

¹²² Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 182.

¹²³ Viðtal við Þorstein Pálsson, 3. mars 2017.

¹²⁴ „Framsóknarmenn sagðir draga fætuna“, *Morgunblaðið*, 5. júní 1987, bls. 36.

¹²⁵ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 183.

¹²⁶ „Þingflokkar gáfu grænt ljóst til hefja átökin“, *DV*, 10. júní 1987, bls. 2.

mynduð á næstu dögum. Menn verða að fara stjórna landinu. Þessum gömlu flokkum, Sjálfstæðisflokki, Framsóknarflokki og Alþýðuflokki, er best treystandi til að mynda stjórn.“ Verðandi ríkisstjórn taldi hann verða undir forsæti Þorsteins og einnig var hann staðráðinn í því að verða ráðherra í nýrri ríkisstjórn.¹²⁷

Drög um hugsanlega ráðuneytaskiptingu gengu milli manna snemma í viðræðunum og birti *DV* þær. Þar kom fram að Sjálfstæðisflokkurinn gerði kröfu um að fá fleiri ráðherra en hinir flokkarnir, auk þess að fá forsætisráðuneytið. Sjónarmið Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins voru hins vegar að Sjálfstæðisflokkurinn þyrfti að fórna einu ráðuneyti fyrir forsætisráðuneytið og allir flokkar hefðu jafn marga ráðherra, eða þrjá. Órói kom upp hjá stuðningsmönnum flokkanna við þessi drög, og þá sérstaklega hjá alþýðuflokks- og sjálfstæðismönnum. Ljóst var að það biði erfitt verkefni fyrir Þorstein að velja ráðherra úr þingliði Sjálfstæðisflokksins, þar sem margir gerðu tilkall til ráðherradóms. Sjálfstæðismenn vildu ekki fá Steingrím í utanríkisráðuneytið, líkt og stóð í drögunum því það myndi styrkja stöðu hans í Reykjaneskjördæmi. Þá var reiði í alþýðuflokksmönnum því að svo virtist sem að allir ráðherrar flokksins myndu koma úr Reykjavík, þau Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Sigurðsson og Jón Baldvin.¹²⁸

„Sjálfstæðisflokkurinn er flokkur í upplausn“

Þrátt fyrir ágætan gang viðræðanna komu upp miklar deilur innan Sjálfstæðisflokksins. Gagnrýni jókst á forystu flokksins, og þá sérstaklega á framgöngu Þorsteins í stjórnarmyndunarviðræðunum. Tveir reyndir ráðherrar Sjálfstæðisflokksins, Matthías Bjarnason, samgönguráðherra í ríkisstjórn Steingríms og áðurnefndur Sverrir Hermannsson voru heldur óánægðir með formann sinn. Matthías var sérstaklega óánægður með það að Þorsteinn hafði lítið samráð við þingmenn flokksins og lét hann stór orð falla í garð Þorsteins: „Það er víst að ég þekki vinnubrögð vinnubrögð fyrri formanna flokksins og þessi vinnubrögð Þorsteins eru mjög ólík þeim.“¹²⁹

Sverrir, sem hafði tveimur dögum áður sagt í viðtali við *Tímann* að honum litist vel á ríkisstjórn flokkanna sem áttu í viðræðum og var staðráðinn í því að fá ráðherrastól í þeirri ríkisstjórn hafði nú skipt um skoðun. Hann fór hörðum orðum um

¹²⁷ „Boðar nýja ríkisstjórn“, *Tíminn*, 10. júní 1987, bls. 3.

¹²⁸ „Drög ganga á milli um skiptingu ráðuneyta“, *DV*, 11. júní 1987, bls. 40.

¹²⁹ „Sjálfstæðisráðherrar gagnrýna Þorstein“, *DV*, 12. júní 1987, bls. 2.

sinn eigin flokk: „Sjálfstæðisflokkurinn er flokkur í upplausn. Flokkur sem ekkert veit og ekkert kann.“ Þá sagði Sverrir einnig að það kæmi ekki til greina að hann gæfi kost á sér til ráðherraátt í hugsanlegri ríkisstjórn. Sverrir var einnig sár út í flokk sinn vegna þess að hann hafði verið tekinn rækilega fyrir á þingflokksfundum sem haldinn var 10. júní, sama dag og viðtal hans í *Tímanum* birtist. Sverrir komst ekki á þann fund en þar var hann gagnrýndur fyrir að tala „í gamni við stúlku á *Tímanum* um stjórnarmyndunina.“¹³⁰

Bæði Matthíasi og Sverri átti þó eftir að snúast hugur skömmu síðar. Sverrir og Þorsteinn áttu „rækilegt einkasamtal“, eins og Sverrir segir sjálfur við *Morgunblaðið*, við Þorstein þann 12. júní. Þar segir hann einnig: „Ég er ákaflega ánægður með að nú náðu menn höndum saman og ég er í engum vafa um, að formanni flokksins tekst að verða frumkvöðull að myndun nýrrar ríkisstjórnar.“¹³¹ Sverrir skipti einnig enn og aftur um skoðun hvað varðar ráðherraátt því nú gaf hann aftur kost á sér sem ráðherra.¹³² Einnig náðist að sætta Matthías. „Formaður flokksins fékk fullt umboð til samninga um stjórnarmyndun og hann hefur óskorað traust hvers einasta þingmanns.“ Matthías sagðist einnig vonast eftir því að þeim þremur flokkum sem áttu í viðræðum, tækist að mynda ríkisstjórn, sem yrði undir forystu formanns Sjálfstæðisflokksins.¹³³

Gagnrýni á formanninn kom þó ekki aðeins frá Matthíasi og Sverri, heldur voru ýmsir aðrir gamalgrónir sjálfstæðismenn óánægðir með forystuna. Óánægja þeirra kom fram í blaði sjálfstæðismanna í Kópavogi, *Vogar*, þar sem reynt var að finna skýringar á bagalegri útkomu Sjálfstæðisflokksins í kosningunum. Niðurstaða blaðsins var þessi: „Pólítísk skammsýni, klaufaskapur og mistök síðustu mánuði fyrir kosningar.“ Í blaðinu var einnig viðtal við varaformann flokksins, Friðrik Sophusson þar sem hann sagði forystu flokksins vera tilbúna til þess að boða til landsfundar og spyrja hvort ástæða væri fyrir því að skipta um forystu í flokknum.¹³⁴

Í tengslum við þessa umræðu var stofnuð sérstök nefnd til þess að kanna hvað hafði farið úrskeiðis í kosningunum. Upplýsingar nefndarinnar áttu að fara leynt, en þrátt fyrir það komst *Tíminn* yfir þær. Samkvæmt frétt blaðsins gagnrýndi nefndin forystu flokksins harðlega og var Þorsteinn sagður vera of fjarlægur fólkinu í landinu,

¹³⁰ „Sjálfstæðisráðherrar gagnrýna Þorstein“, *DV*, 12. júní 1987, bls. 2.

¹³¹ „Nú eru okkur allir vegir færir í stjórnarmyndun“, *Morgunblaðið*, 14. júní 1987, bls. 2.

¹³² „Gagnrýnin veikir stöðu Þorsteins“, *DV*, 13. júní 1987, bls. 2.

¹³³ „Þorsteinn Pálsson hefur óskorað traust hvers einasta þingmanns“, *Morgunblaðið*, 14. júní 1987, bls. 2.

¹³⁴ „Rætt um landsfund til að skipta um forystu“, *Tíminn*, 4. júní 1987, bls. 5.

sem og að hann deildi ekki valdi sínu með öðrum eða leitaði ráða annarra við ákvarðanatöku. Nefndin taldi einnig hlutverk varaformannsins, Friðriks Sophussonar vera of rýrt, en Friðrik var einn af sex sem sátu í nefndinni. Þorsteinn var einnig sagður hafa tekið upp þráðinn þar sem Geir Hallgrímsson, forveri Þorsteins í formannsstóli skildi hann eftir. Þannig hefðu óánægjuhópar haldið áfram að dafna innan flokksins. Óánægjuhópar eins og fylgismenn Gunnars Thoroddsen og hulduher Alberts Guðmundssonar. Miðstjórn flokksins var einnig gagnrýnd. Hún var sögð hafa verið óvirk og samþykkt allt umyrðalaust. Flokksstjórnin fékk svipaða einkunn og miðstjórnin.¹³⁵ Friðrik sagði hins vegar að frétt *Tímans* hafi verið heilaspuni, en viðurkenndi þó að áður nefnd skýrsla hefði verið gerð og væri tilbúin. Átti hún að verða rædd á sameiginlegum fundi þingflokks og miðstjórnar Sjálfstæðisflokksins.¹³⁶

Kapphlaupið um forsætisráðuneytið

Viðræðurnar voru komnar langt á veg um miðbik júnímánaðar og var hafist handa við að rita stjórnarsáttmálann. Frumdrög að honum var tilbúinn þann 18. júní. Málefnalegt samkomulag hafði tekist hjá flokkunum, en enn átti eftir að ákveða skiptingu ráðuneyta. Þar sem viðræðurnar væru komnar þetta langt, taldi Þorsteinn það vera ólíklegt að viðræðurnar ættu eftir að stranda á skiptingu ráðuneyta. Allt virtist stefna í nýja ríkisstjórn innan fárra daga.¹³⁷ Kapphlaupið um ráðuneytin og þá sérstaklega forsætisráðuneytið hélt því áfram. Eftir rúmlega þriggja vikna viðræður dró til tíðinda í kapphlaupinu um forsætisráðuneytið. Það má segja að endasprettur viðræðnanna hafi hafist 25. júní.¹³⁸ Þá kom Þorsteinn þeim Steingrími og Jóni Baldvini á óvart á fundi þeirra þriggja í þingflokksherbergi Alþýðuflokksins. Þorsteinn sagði í samtali við höfund að hann hafi tilkynnt þeim að hann myndi ekki gera kröfu á forsætisráðuneytið og að hann myndi styðja hvorn þeirra sem tæki við embættinu. Hann tilkynnti þeim einnig að þeir yrðu að koma sér saman um það hvor þeirra yrði forsætisráðherra. Í samtali við Þorstein sagði hann að þetta hafi hann gert án þess að bera það undir þingflokk sinn. Þorsteinn sagði aðeins einum manni frá áformum sínum, Matthíasi Bjarnasyni og var Matthías honum sammála. Þorsteinn segir þingflokkinn hafa skilið

¹³⁵ „Þorsteinn í flabeinsturni“, *Tíminn*, 20. júní 1987, bls. 2.

¹³⁶ „Skýrsla um vanda flokksins tilbúin“, *Morgunblaðið*, 21. júní 1987, bls. 2.

¹³⁷ „Ólíktlegt að strandi á skiptingu ráðuneyta“, *Tíminn*, 17. júní 1987, bls. 3.

¹³⁸ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 184.

þessa ákvörðun hans þegar hann tilkynnti hana, en það var eftir að hann hafði tilkynnt Steingrími og Jóni Baldvini um ákvörðunina.¹³⁹

Ásamt ákvörðun sinni tilkynnti Þorsteinn hins vegar að Sjálfstæðisflokkurinn krefðist þess að fá fjármála-, viðskipta-, iðnaðar-, mennta- og dómsmálaráðuneytin. Þetta þýddi að flokkurinn fengi stærstu ráðuneyti efnahagsmála, fjármála- og viðskiptaráðuneytin. Eftir fund Steingríms og Jóns Baldvins komust þeir að þeirri niðurstöðu að krafa Sjálfstæðisflokksins væri óviðunandi. Í kjölfarið af kröfu Þorsteins um ráðuneytin, setti Steingrímur fram fjórar hugmyndir um skiptingu ráðuneyta á blað. Allar hugmyndir Steingríms áttu það sameiginlegt að forsætis-, viðskipta-, og fjármálaráðuneytin skiptust á milli flokkanna þriggja. Þá fór sjávarútvegsráðuneytið til Framsóknarflokksins í öllum útfærslum Steingríms. Þrjár hugmyndir Steingríms gerðu ráð fyrir að hann sjálfur yrði forsætisráðherra. Samkvæmt síðustu útfærslunni myndi Jón Baldvin fá forsætisráðuneytið. Hún kemur nokkuð á óvart vegna illdeilna Framsóknarflokksins og Alþýðuflokksins. Jón Baldvin kom sjálfur með fjórar hugmyndir um skiptingu ráðuneyta. Í þremur þeirra gerði hann ráð fyrir því að hann sjálfur yrði forsætisráðherra, en fjórða tillagan myndi færa Þorsteini forsætisráðuneytið.¹⁴⁰

Jón Baldvin og Þorsteinn áttu það sameiginlegt að hvorugur þeirra vildu fara í ríkisstjórn undir forsæti Framsóknarflokksins. Ákvað Steingrímur því að kanna hug framsóknarmanna um að gera Jón Baldvin að forsætisráðherra. Hann fékk þvert nei frá framsóknarmönnum. Undir lok júnímánaðar voru stíf fundahöld um ráðherraskiptinguna. Sunnudaginn 28. júní lagði Steingrímur fram tvær hugmyndir fyrir Jón Baldvin. Annars vegar að Framsóknarflokkurinn færi með forsætið í nýrri ríkisstjórn og fengi þrjá ráðherra í heildina. Hins vegar að Sjálfstæðisflokkurinn færi með forsætið og Framsóknarflokkurinn fengi fjóra ráðherra, líkt og sjálfstæðismenn, en Alþýðuflokkurinn fengi þrjá ráðherra. Allir flokkarnir áttu hins vegar að fá fjögur ráðuneyti. Í ævisögu Steingríms segir að það hafi verið fundað langt fram á kvöld sunnudaginn 28. júní. Þar lagði Steingrímur fram þá hugmynd að allir flokkarnir fengju þrjá ráðherra og Sjálfstæðisflokkurinn færi með forsætið. Hugmynd Steingríms var hafnað. Þingflokkur Framsóknarflokksins hafnaði að fara í stjórnarsamstarf ef

¹³⁹ Viðtal við Þorstein Pálsson, 3. mars 2017.

¹⁴⁰ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 184–185.

ráðherrar flokksins yrðu færri en ráðherrar Sjálfstæðisflokksins. Steingrímur segir í ævisögu sinni að stjórnarmyndunarviðræðurnar hefðu þar með siglt í strand.¹⁴¹

Hins vegar má finna í skjölum Alþýðuflokksins heimildir um að svo hafi ekki verið. Í bréfi frá Jóni Sigurðssyni segir svo:

Formenn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks hafa orðið sammála um það að leggja til, að Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, verði forsætisráðherra í nýrri ríkisstjórn, sem þessir þrjú flokkar hyggjast mynda. Þetta samkomulag er á því byggt, að Framsóknarflokkurinn fari með utanríkismál en Alþýðuflokkurinn með viðskiptamál og fjármál. Auk forsætisráðuneytisins færi Sjálfstæðisflokkur með sjávarútvegsmál iðnaðarmál, menntamál og (dómsmál) samgöngumál. Framsóknarflokkur færi með landbúnaðarmál, heilbrigðismál og iðnaðarmál¹⁴² auk utanríkismála. En Alþýðuflokkurinn með félagsmál og (samgöngumál) dóms- og kirkjumál auk viðskipta- og fjármála. Þetta samkomulag er að sjálfsögðu með fyrirvara um endanlegan frágang málefnasamningsins og stefnuyfirlýsingar hinnar nýju stjórnar, sem nú er unnið að, og verðir lokið á næstu einum til tveimur dögum [...] Með þessum áfanga tekur Þorsteinn Pálsson við verkstjórn í viðræðum flokkanna þriggja á grundvelli þeirra draga að málefnasamninga, sem fyrir liggja.

Ég óska honum allra heilla í því verki og mun styðja hann dyggilega í því. Um leið vil ég þakka honum Steingrími fyrir þeirra góða hlut í þessari niðurstöðu, sem ég veit að verður upphaf að góðu samstarfi, þjóðinni til heilla.¹⁴³

Ósannindi, trúnaðarrestur og högg fyrir neðan beltisstað

Jón Baldvin gekk á fund Vigdísar Finnbogadóttur, forseta Íslands þann 29. júní og skilaði stjórnarmyndunarumboðinu. „Ég er umboðslaus maður,“ voru fyrstu orð Jóns Baldvins eftir fundinn með Vigdísi.¹⁴⁴ Formenn flokkanna þriggja sem höfðu átt í tæplega mánaðar viðræðum fóru mikinn í dagblöðum landsins.¹⁴⁵ Þeir sökuðu hvorn

¹⁴¹ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 185.

¹⁴² Hér gleymir Jón að strika yfir iðnaðarmál en hann hafði áður skrifað það hjá Sjálfstæðisflokknum. Hér ætti að standa sjávarútvegsmál.

¹⁴³ ÞÍ. Alþýðuflokkurinn 2008–36 A–A8/7. Bréf Jóns Sigurðssonar fyrir Jón Baldvin Hannibalsson.

¹⁴⁴ „Það er stóll í vanskilum“, *Tíminn*, 30. júní 1987, bls. 3

¹⁴⁵ Sjá *Morgunblaðið*, *Alþýðublaðið*, *DV*, *Þjóðviljann* og *Tímann*, 30. júní 1987.

annan um ósannindi, trúnaðarrest og högg fyrir neðan beltisstað. Sjálfstæðismenn og alþýðuflokksmenn sögðu að ráðherrakröfur Steingríms hefðu verið högg fyrir neðan beltisstað og ásökuðu Steingrím einnig um trúnaðarrest. Steingrímur var sagður hafa afhent Svavari Gestssyni, formanni Alþýðubandalagsins og Alberti Guðmundssyni, formanni Borgaraflokksins málefnasamningsdrögin. Þá sökuðu framsóknarmenn Jón Baldvin um ósannindi. Steingrímur sagði í viðtali við *DV*: „Það hefur verið svo rangt sagt frá endalokum stjórnarmyndunarviðræðnanna [...] og ekki síst af Jóni Baldvin Hannibalssyni, að ég hef krafið hann um rétta, skriflega lýsingu og hann hefur lofað því að skila mér henni fyrir hádegi í dag.“¹⁴⁶

Þau ósannindi Jóns Baldvins sem Steingrímur vísar hér til voru þau að hann greindi ekki rétt frá skiptingu ráðuneyta. Steingrímur hafði komið með tillögu um ráðherraskiptingu sem var þannig að Sjálfstæðisflokkurinn átti að fá forsætisráðuneytið, auk þriggja annarra ráðherraembætti. Framsóknarflokkurinn átti einnig að fá fjóra ráðherra en Alþýðuflokkurinn að fá þrjá ráðherra. Jón Baldvin samþykkti þessa tillögu Steingríms en þegar hann bar hana undir Þorstein hafði Jón Baldvin gjörbreytt hugmynd Steingríms, án þess að hafa samband við hann. Jón Baldvin hafði fært sjávarútvegsráðuneytið til Sjálfstæðisflokksins en Framsóknarflokkurinn vildi fá sjávarútvegsráðuneytið í sinn hlut. Steingrímur gat ekki samþykkt þessa tillögu. Það eina rétta sem kom frá Jóni Baldvini í sjónvarpsviðtölum að mati Steingríms var fjöldi ráðuneyta í ríkisstjórninni, þ.e. fjórir ráðherrar til Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks og þrír ráðherrar til Alþýðuflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn hafnaði þeirri tillögu og setti Steingrímur þá fram tillögu um að allir flokkar fengu þrjá ráðherra. Þeirri hugmynd var einnig hafnað. „Þá var klukkan rúmlega tólf og tíminn úrunninn,“ sagði Steingrímur við *DV*.¹⁴⁷

Svavar Gestsson og Albert Guðmundsson tilkynntu báðir sama dag og Jón Baldvin skilaði umboðinu að flokkar þeirra væru tilbúnir til stjórnarmyndunarviðræðna. Óskastjórn Alberts var sitjandi ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks, auk Borgaraflokksins undir forsæti Steingríms og fór Albert fram á að hann fengi ráðherrastól í þeirri stjórn.¹⁴⁸ Steingrímur kannaði möguleika á fjögurra flokka stjórn Framsóknarflokks, Alþýðubandalags, Borgaraflokks og Kvinnalistans en hann fann fljótlega fyrir því að

¹⁴⁶ „Krefur Jón Baldvin um rétta lýsingu“, *DV*, 30. júní 1987, bls. 2.

¹⁴⁷ „Jón Baldvin lagði fram gjörbreytta málamiðlun“, *DV*, 30. júní 1987, bls. 2.

¹⁴⁸ „Jón Baldvin sagði ósatt“, *Þjóðviljinn*, 30. júní 1987, bls. 1.

ekki var vilji fyrir þeirri stjórn. Þegar Steingrímur kannaði fjögurra flokka stjórn, samþykkti Sjálfstæðisflokkurinn þá kröfu Framsóknarflokksins að ráðherrar síðarnefnds flokksins yrðu fjórir, líkt og ráðherrar Sjálfstæðisflokksins. Í kjölfar þess lýsti Steingrímur því yfir að Framsóknarflokkurinn væri reiðubúinn til þess að taka sæti í ríkisstjórn með Sjálfstæðisflokki og Alþýðuflokki, með þeim skilyrðum að flokkurinn fengi utanríkis-, sjávarútvegs-, landbúnaðar- og heilbrigðismál.¹⁴⁹

74ra. daga stjórnarkreppu lokið

Eftir stöðuga fundi 1. og 2. júlí fengu framsóknarmenn sitt fram. Þeir fengu ofangreind ráðuneyti og jafnmarga ráðherra og Sjálfstæðisflokkurinn, ásamt því að utanríkisviðskipti voru færð inn í utanríkisráðuneytið. Sjálfstæðisflokkurinn fékk fjögur ráðuneyti, forsætis-, iðnaðar-, samgöngu- og menntamálaráðuneytin. Alþýðuflokkurinn fékk einnig fjögur ráðuneyti, en aðeins þrjá ráðherra og var það fjármála-, viðskipta-, félagsmála og dómsmálaráðuneytin. Samkomulag hafði nást og von var á nýrri ríkisstjórn undir forsæti Þorsteins Pálssonar, formanni Sjálfstæðisflokksins. Ráðherrar nýrrar ríkisstjórnar áttu að vera 11 talsins.

Þorsteinn þurfti að glíma við stórt vandamál í ráðherravali sínu. Hann hafði þá ósk að algjör endurnýjun yrði á ráðherrum Sjálfstæðisflokksins. Aðeins Þorsteinn átti að sitja áfram sem ráðherra í nýrri ríkisstjórn og hafði enginn ráðherra Sjálfstæðisflokksins í ríkisstjórn Steingríms tekið þátt í stjórnarmyndunarviðræðunum. Þeir sem tóku þátt fyrir hönd Sjálfstæðisflokksnum í viðræðunum voru auk Þorsteins, þeir Friðrik Sophusson, varaformaður flokksins og Ólafur G. Einarsson. Þeir áttu að vera ráðherraefni Sjálfstæðisflokksins, auk Birgis Ísleifs Gunnarssonar en sitjandi ráðherrar flokksins sóttust hins vegar allir eftir því að halda áfram. Það gerði Þorsteini erfitt fyrir að Ólafur G. var í öðru sæti á lista Sjálfstæðisflokksins á Reykjanesi, á eftir Matthíasi Á. Mathiesen, utanríkisráðherra í ríkisstjórn Steingríms. Endurnýjun Þorsteins tókst að einhverju leyti, en hann gat hins vegar ekki litið fram hjá Matthíasi og varð Matthías samgönguráðherra.¹⁵⁰ Birgir Ísleifur varð menntamálaráðherra og Friðrik iðnaðarráðherra, auk þess Þorsteinn settist í forsætisráðherrastólinn. Hjá Framsóknarflokksnum varð Steingrímur utanríkisráðherra, Halldór Ásgrímsson sjávarútvegsráðherra, Guðmundur Bjarnason heilbrigðisráðherra og Jón Helgason landbúnaðarráðherra. Alþýðuflokkurinn hélt sér

¹⁴⁹ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 186.

¹⁵⁰ Steinar J. Lúðvíksson, „Þorsteinn Pálsson“, *Forsætisráðherrar Íslands*, bls. 445–446.

við Reykjavíkurbíngmenn sína en Jón Baldvin varð fjármálaráðherra, Jón Sigurðsson fékk dóms- og kirkjumálaráðuneytið auk viðskiptaráðuneytisins og varð Jóhanna Sigurðardóttir eina kona ríkisstjórnarinnar en hún tók við sem félagsmálaráðherra.¹⁵¹

Flokkarnir virtust allir hafa náð sínu fram. Framsóknarflokkurinn fékk þau ráðherraembætti sem hann vildi að lokum. Í viðtali við höfund sagði Jón Baldvin: „Við þurftum ekki fleiri ráðherra. Við vorum miklu öflugri.“ Jón Baldvin var ánægður með ráðuneytin sem flokkurinn fékk en hann sóttist eftir þeim. Upp kom þó upp vandamál um hver tæki við hvaða ráðuneyti. Jóhanna tók við félagsmálaráðuneytinu en þau mál voru henni hugleikin vegna þess að það var húsnæðiskreppa í landinu. Upphaflega átti Jón Sigurðsson hins vegar að taka við fjármálaráðuneytinu og Jón Baldvin við viðskiptaráðuneytinu, auk dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Jón Baldvin hafði hins vegar gleymt því um stundarsakir að hann var utan Þjóðkirkju á þessum tíma. Jóni Baldvini grunaði að það gæti „orðið dellumál, svona dæmigert íslenskt fjölmiðladellumál,“ að yfirmaður kirkju Krists á Íslandi sé utan Þjóðkirkju. Því ákváðu nafnarnir að skipta um ráðuneyti.¹⁵²

Hins vegar voru ekki allir alþýðuflokksmenn ánægðir með ráðherraskipan flokksins, og hvaða ráðuneyti flokkurinn fékk. Sérstaklega var óánægja meðal alþýðuflokksmanna á Vestfjörðum. Óánægjan um ráðuneyti flokksins beindist að því að ekkert atvinnuráðuneytanna kom í hlut flokksins, né ráðuneyti sem tengdist landsbyggðinni sérstaklega, eins og samgönguráðuneytið. Þá voru alþýðuflokksmenn óánægðir með að allir ráðherrar Alþýðuflokksins voru þingmenn Reykjavíkur. Karvel Pálmason, þingmaður Alþýðuflokksins frá Vestfjörðum lýsti því yfir að hann myndi ekki styðja komandi ríkisstjórn.¹⁵³ Þá var Sighvatur Björgvinsson einnig ósáttur við ráðherravalið, líkt og áður hefur verið komið fram. Jón Baldvin vildi rétta fram sáttarhönd til Vestfirðinga og hugðist bjóða Sighvati formennsku í fjárveitinganefnd. Nær allt vald í fjármálum landsins yrði þá í höndum Alþýðuflokksins þar sem Jón Baldvin yrði fjármálaráðherra og Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra.¹⁵⁴

Sjálfstæðisflokkurinn sóttist hins vegar einnig eftir formennsku í fjárveitinganefnd. Þá var kominn léttari andi í mannskapinn og minntist Jón Sigurðsson þess að í valdatíð Hermanns Jónssonar, föður Steingríms hefði svona ágreiningur verið leystur með þrekaun. Málið var leyst með því að deilendur áttu að

¹⁵¹ *Alþingismannatal* 1845–1995, bls. 588–589.

¹⁵² Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson 3. febrúar 2017.

¹⁵³ „Karvel neitar að styðja stjórnina“, *DV*, 3. júlí 1987, bls. 48.

¹⁵⁴ Guðjón Friðriksson, *Úr fjötrum*, bls. 451.

stökkva jafnfætis upp á ríkisstjórnarborðið, án þess að detta. Steingrímur og Halldór Ásgrímsson ákváðu að sleppa því að taka þátt, og stóð því baráttan á milli Friðriks Sophussonar úr Sjálfstæðisflokknum og Jóns Sigurðssonar úr Alþýðuflokknum.¹⁵⁵ Ríkisstjórnarborðið var frekar lágt og þurfti því að setja tvö bindi af lagasafninu á borðið. Jón stökk léttilega upp á lagasafnið en Friðrik komst á borðröndina en sparkaði lagasafninu út af borðinu og féll svo aftur fyrir sig. Þannig varð Sighvatur Björgvinsson formaður fjárveitinganefndar.¹⁵⁶

Þorsteinn gekk á fund Vigdísar Finnbogadóttur, forseta Íslands þann 2. júlí og var falið stjórnarmyndunarumboðið. Var þetta gert svo að Þorsteinn gæti formlega myndað ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks.¹⁵⁷ Næstu daga var fundað og stjórn málasáttmálinn kláraður. Sáttmálinn fékk nafnið „krataplaggið“ en það voru alþýðuflokksmennirnir Jón Baldvin og Jón Sigurðsson sem skrifuðu stærsta hlutann í sáttmálanum. Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar tók formlega við völdum þann 8. júlí.¹⁵⁸ Með því var 74. daga stjórnarkreppu formlega lokið.

¹⁵⁵ Guðjón Friðriksson, *Úr fjötrum*, bls. 451.

¹⁵⁶ Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson 3. febrúar 2017.

¹⁵⁷ „Ný ríkisstjórn tekur við á miðvikudag“, *Morgunblaðið*, 3. júlí 1987, bls. 56.

¹⁵⁸ „Sest í stól forsætisráðherra“, *Morgunblaðið*, 9. júlí 1987, bls. 1.

Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar

Völt stjórn frá upphafi

Ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar hafði sterkan meirihluta á þingi þegar hún tók við völdum. Þingstyrkur flokkanna þriggja var alls 41 þingmenn af 63. Reyndar voru stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar aðeins 40, því líkt og áður hefur komið fram, ákvað Karvel Pálmason, þingmaður Alþýðuflokksins að styðja ekki ríkisstjórnina. Þegar ríkisstjórn Þorsteins var mynduð skrifuðu formennirnir þrír samkomulag á löggiltan skjalapappír um að ekki væri möguleiki á að rjúfa þing nema allir væru um það sammála.¹⁵⁹ Ríkisstjórnin setti sér sem helstu verkefni að stuðla að jafnvægi, stöðugleika og nýsköpun í efnahags- og atvinnulífi, bæta lífskjör almennings og draga úr verðbólgu.¹⁶⁰ Auk þess stefndi hún að því að endurskoða skattkerfið og taka upp virðisaukaskatt.¹⁶¹ Fyrstu aðgerðir nýrrar stjórnar voru að ná tökum á þeim efnahagsvanda sem var framundan. Horfur um verðbólgu og viðskiptahalla höfðu vernsað og þurfti að grípa til aðgerða. Ríkisstjórnin ætlaði að fækka undanþágum frá söluskatti taka upp sérstakan söluskatt af matvælum, sem varð nefndur matarskatturinn og átti eftir að koma mikið við sögu.¹⁶²

Þegar Þorsteinn tók við embætti forsætisráðherra þann 8. júlí varð hann yngstur frá stofnun Lýðveldisins til þess að mynda ríkisstjórn. Met hans var ekki slegið fyrir en árið 2013, þegar Sigmundur Davíð Gunnlaugsson myndaði ríkisstjórn Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks.

Það má segja að Þorsteinn hafi fengið forsætisráðuneytið upp í hendurnar. Þegar hann dró til baka kröfu sína um forsætisráðuneytið þann 25. júní setti hann Steingrím og Jón Baldvin í erfiða stöðu. Þorsteinn hefur án efa vitað af óvild þeirra í garð hvors annars, og á þessum tímapunkti gæti hann hafa séð sér leik á borði. Í samtali höfundar við Þorsteinn viðurkennir hann að ákvörðun hans um að draga kröfu sína um forsætisráðuneytið til baka, líti út fyrir að hafa verið áætlun hans til þess að verða forsætisráðherra. Svo var hins vegar ekki. „Þetta var ekki masterplan af minni hálfu.“ Þorsteinn vildi aðeins leysa stjórnarkreppuna sem hafði verið í landinu í tvo mánuði og því ákvað hann að draga kröfu sína til baka. „Mér fannst þetta bara vera

¹⁵⁹ Viðtal við Þorstein Pálsson 3. mars 2017.

¹⁶⁰ Forsætisráðuneytið, *Stefnuyfirlýsing og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar*, bls. 3.

¹⁶¹ Sama heimild, bls. 13–14.

¹⁶² Sama heimild, bls. 27.

komið í öngstræti.“ Á endanum gátu hvorki Steingrímur né Jón Baldvin ekki sætt sig við hinn í embætti forsætisráðherra og báðu því Þorstein um að taka við embættinu. Það kom Þorsteini á óvart að hann skyldi verða forsætisráðherra. „Ég átti ekki von á því.“¹⁶³

Erfiðleikar stjórnarinnar komu í ljós strax í upphafi og var hún völt, nánast frá fyrsta degi. Rúmum mánuði eftir að hún tók við völdum kom upp fyrsta deilumálið, sala á Útvegsbankanum. Hlutabréf ríkissjóðs í Útvegsbankanum voru auglýst til sölu í júní 1987 og eftir tvo mánuði hafði ekkert tilboð borist í hlutabréfin. En þá ákvað Samband íslenskra sveitarfélaga, eða Sambandið eins og það var oftast kallað, að gera tilboð í 67% hlutafjár Útvegsbankans. Jón Sigurðsson viðskiptaráðherra fór með öll hlutabréf ríkisins í bankanum og sá því um málið. Sambandsmenn leituðu því til hans og settu fram tilboð. Fyrsta greiðsla Sambandsins átti að hljóða upp á 50 milljónir.¹⁶⁴ Sambandið var hins vegar ekki eini aðilinn sem vildi kaupa hlutabréf ríkisins í Útvegsbankanum því sameiginlegt tilboð barst frá 33 einstaklingum og fyrirtækjum til viðskiptaráðherra 17. ágúst.¹⁶⁵ Jón fundaði með báðum aðilum þann 19. ágúst.¹⁶⁶ Í ævisögu Steingríms Hermannssonar segir að Kjartan Kjartansson, fulltrúi Sambandsins hafi verið sendur á fund viðskiptaráðherra með 50 milljón króna ávísun.¹⁶⁷ Líklega var fundur Kjartans og Jóns þann 20. ágúst 1987.¹⁶⁸ Steingrímur vissi ekki betur en að kaupin væru í höfn.¹⁶⁹

Þegar klukkan var að ganga miðnætti daginn áður en tilkynna átti um sölu Útvegsbankans til Sambandsins ákvað Jón að upplýsa forsætisráðherra um söluna. Þorsteinn brást illa við þessum fregnum og gerði hann Jóni ljóst að hann gæti ekki samþykkt hana. Í viðtali höfundar við Þorstein sagði hann að hafi tekist að stöðva söluna á bankanum um nóttina „enda algjörlega óhugsandi í ríkisstjórn að heill ríkisbanki væri seldur án samráðs við forystufólkið í ríkisstjórninni.“ Þorsteinn skrifaði vinnubrögðin í tengslum við söluna á bankanum, meira á reikning Framsóknarflokksins en Alþýðuflokksins, þótt svo Alþýðuflokkurinn hafi farið með viðskiptaráðuneytið. Hann segir einnig að þetta hafi verið fyrsta áfall

¹⁶³ Viðtal við Þorstein Pálsson 3. mars 2017.

¹⁶⁴ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 189–190.

¹⁶⁵ „Engin ákvörðun fyrr en eftir helgi“, *Morgunblaðið*, 20. ágúst 1987, bls. 2.

¹⁶⁶ Sjá m.a. *Morgunblaðið* og *Tímann*, 20. ágúst 1987.

¹⁶⁷ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 190.

¹⁶⁸ Nákvæm dagsetning er ekki nefnd í heimildum, heldur er hún ályktun höfundar. Þessi dagsetning er fengin út frá ævisögu Steingríms Hermannssonar, *Forsætisráðherrann*, bls. 190 og dagblöðum daganna 19.–21. ágúst 1987.

¹⁶⁹ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 190.

ríkisstjórnarinnar og að algjör trúnaðarbrestur hefði orðið á milli manna. Aldrei var hægt að byggja upp trúnaðinn eftir það, sérstaklega á milli Þorsteins og Framsóknarflokksins.¹⁷⁰

Jón Baldvin lenti einnig í vandræðum í sínu eigin ráðuneyti í upphafi ríkisstjórnarsamstarfsins. Í samtali við höfund segir Jón Baldvin frá því að hann hafi þurft að manna fjármálaráðuneytið upp á nýtt. Uppi hafði verið sú goðsögn um íslenska stjórnkerfið að fjármálaráðuneytið væri það ráðuneyti sem væri hvað best mannað. Jóni Baldvin fannst það hins vegar ekki. Í ráðuneytinu var háttsettur starfsmaður sem vann ekki sitt starf, að mati Jóns Baldvins. „Maðurinn var alveg gagnslaus. Hann sat þarna og las *Financial Times*.“ Einnig var Jón Baldvin ósáttur með tekjuöflunardeild ráðuneytisins. „Það var aðallega mannað stelpum sem voru nýútskrifaðar úr lagadeild. Þegar fyrsti fundur var haldinn með þeim, þá höfðu þær aldrei heyrt hugtakið virðisaukaskattur. Þetta var skelfilegt.“ Jón Baldvin viðurkennir þó að ýmist afburðarfólk hafi verið í ráðuneytinu og hélt hann því. En að öðru leyti þurfti hann að fá nýtt fólk inn í ráðuneytið og fékk hann t.d. þrjá hagfræðinga frá Þjóðhagsstofnun, og einn frá hagdeild Alþýðusambandsins.¹⁷¹

Einnig kom upp ágreiningsmál innan ríkisstjórnarinnar vegna Jóhönnu Sigurðardóttur. Jóhanna var varaformaður Alþýðuflokksins og félagsmálaráðherra og var hún eini kvenkyns ráðherrann í ríkisstjórn Þorsteins. Hún varð aðeins þriðja konan til að gegna stöðu ráðherra í íslenskri stjórnmalasögu á eftir Auði Auðuns og Ragnhildi Helgadóttur. Haustið 1987 lagði Jóhanna fram frumvarp um breytingar á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins. Frumvarpið átti að auðvelda þeim sem þurftu nauðsynlega á lánafyrirgreiðslu að halda til að taka lán fyrir íbúðarhúsnæði. Nokkrir þingmenn hinna stjórnarflokkanna voru á móti frumvarpinu og meðal þeirra var Alexander Stefánsson, þingmaður Framsóknarflokksins og forveri Jóhönnu í félagsmálaráðuneytinu.¹⁷² Jóhanna gekk langt til þess að ná frumvarpinu í gegn og setti hún stjórnarflokkana í erfiða stöðu með því að hóta afsögn. Í viðtali við *Alþýðublaðið* var hún spurð hvort hún myndi segja af sér ef frumvarpið næði ekki í gegn: „Svarið er já, ef það verður ekki að lögum fyrir jól. Það liggur beint við.“¹⁷³

¹⁷⁰ Viðtal við Þorstein Pálsson 3. mars 2017.

¹⁷¹ Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson 3. febrúar 2017.

¹⁷² Guðjón Friðriksson, *Úr fjötrum*, bls. 453–454.

¹⁷³ „Ég segi af mér“, *Alþýðublaðið*, 12. desember 1987, bls. 5.

Persónulegar erjur Steingríms og Þorsteins

Líkt og áður segir var stjórnarsamstarfið erfitt frá upphafi, en ágreiningur stjórnarinnar einkenndist aðallega af persónulegum erjum, og þá helst milli formannanna þriggja. Samband Steingríms og Jóns Baldvins hafði verið slæmt á meðan á stjórnarmynduninni stóð og þá var samband Steingríms og Þorsteins erfitt í stjórnarsamstarfinu. Jón Baldvin vildi ólmur vinna með Sjálfstæðisflokknum í aðdraganda kosninganna og í kjölfar þeirra virtist fátt annað vera í spilunum nema ríkisstjórn sem innihéldi Sjálfstæðisflokkinn og Alþýðuflokkinn. Staðan var erfið fyrir Sjálfstæðisflokkinn í stjórnarmynduninni. Flokkurinn var stærsti flokkur landsins, en þrátt fyrir það tapaði flokkurinn mestu fylgi í kosningunum.

Þorsteinn kom inn í ríkisstjórn Steingríms árið 1985 og höfðu þeir því unnið saman áður. Þorsteinn segir í viðtali við höfund að það hafi margt gengið vel í samstarfinu við Framsóknarflokkinn. Eftir Útvegsbankamálið í ágúst 1987 var hins vegar lítið sem ekkert traust eftir á milli stjórnarflokkanna, og þá sérstaklega á milli Þorsteins og Framsóknarflokksins.¹⁷⁴ Sjálfstæðismenn vildu meina að Steingrímur hafi viljandi gert Þorsteini erfitt fyrir í forsætisráðherrastóli frá upphafi stjórnarsamstarfsins. Þá vildu þeir meina að Steingrími og fleiri framsóknarmönnum hafi þótt eðlilegt að Steingrímur leiddi stjórnina vegna persónulegra vinsælda hans og kosningaósigurs Sjálfstæðisflokksins.¹⁷⁵ Bæði Þorsteinn og Svavar Gestsson eru sammála um það, að Steingrímur hafi verið ósáttur við hver sat í forsætisráðherrastólnum. Þorsteinn segir í samtali við höfund að hvorugur formanna hinna stjórnarflokkanna hafi verið ánægður með hver leiddi ríkisstjórnina, og þá sérstaklega Steingrímur og Framsóknarflokkurinn. „Ég held að hann [Steingrímur] hafi aldrei ætlað sér að vera í þessu stjórnarsamstarfi lengi út af því,“ sagði Þorsteinn.¹⁷⁶ Í samtali höfundar við Svavar var hann sammála Þorsteini: „Steingrímur þoldi ekki að það væri annar maður í stólnum. Honum fannst hann [Þorsteinn] gera það illa.“¹⁷⁷

Sjálfstæðismenn voru óánægðir með störf Steingríms í utanríkisráðuneytinu en Steingrímur segir frá því í ævisögu sinni. „Ég held ég megi segja að formaður Sjálfstæðisflokksins, þingflokkur hans og *Morgunblaðið* hafi brugðist ókvæða við

¹⁷⁴ Viðtal við Þorstein Pálsson 3. mars 2017.

¹⁷⁵ Árni Johnsen, „Hvítasunnusamtökin í ríkisstjórninni“, *Morgunblaðið*, 29. maí 1988, bls. 32.

¹⁷⁶ Viðtal við Þorstein Pálsson 3. mars 2017.

¹⁷⁷ Viðtal við Svavar Gestsson 3. apríl 2017.

flestu því sem ég tók mér fyrir hendur í utanríkisráðuneytinu.“¹⁷⁸ Í starfi sínu sem utanríkisráðherra lagði Steingrímur áherslu á sjálfstæðar ákvarðanir Íslands, í stað þess að vera fylgjandi Bandaríkjunum á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Steingrímur sagðist vilja að Íslendingar beittu sér fyrir friði og sjálfsákvörðunarrétti þjóða, og að Íslendingar beittu sér gegn ofbeldi og ofríki, hvar og hvenær sem tækifæri gafst. Sjálfstæðismenn töldu hins vegar að utanríkisstefnan undir stjórn Steingríms væri meira í ætt við vinstri stjórnir.¹⁷⁹

Spennan á milli Steingríms og Sjálfstæðisflokksins náði hámarki í mars 1988. Svavar Gestsson lagði fram fyrirspurn til ríkisstjórnarinnar um afstöðu hennar til ástandsins í Palestínu og Ísrael. Sem utanríkisráðherra ákvað Steingrímur að taka upp málið á ríkisstjórnarfundum þann 14. mars til að fá viðbrögð við þeirri stefnu sem hann hugðist kynna. Steingrímur fordæmdi framferði Ísraels og vildi að Palestína fengi að stofna sjálfstætt ríki. Félagið Ísland-Palestína hafði unnið af kappi að því að kynna málstað Palestínumanna á Íslandi og einn helsti forvígsmönnum félagsins var Elías Davíðsson, ritari félagsins. Steingrímur fór í útvarpsviðtal til Elíasar og var utanríkisráðherrann spurður um hvernig honum litist á að formaður frelsissamtaka Palestínu, PLO, Yasser Arafat kæmi hingað til lands. Steingrímur sagði að það kæmi vel til athugunar.¹⁸⁰

Þorsteinn brást hart við þessum orðum Steingríms og kom forsætisráðherrann fram opinberlega og tilkynnti að ríkisstjórn Íslands myndi ekki ræða við hryðjuverkamenn. „Þessi ríkisstjórn ætlar sér ekki í viðræður við PLO, hér heima á Íslandi né annars staðar,“ sagði Þorsteinn við *DV*. Þorsteinn bætti því einnig við að hann gæti ekki skipt sér af störfum Steingríms og bjóst hann ekki við neinum fundahöldum á milli fulltrúa Íslands og PLO. En þegar hann var spurður hvort það yrði ekki litið á það sem fundahöld ef utanríkisráðherra væri að ræða við fulltrúa Palestínuaraba svaraði Þorsteinn: „Ég held að heimurinn fylgist nú varla með af andakt þó að formaður Framsóknarflokksins ræði við einhvern skæruleiðtoga.“¹⁸¹ Steingrími fannst afstaða Þorsteins barnaleg og að stjórn Ísraels væri ekki síður skipuð hryðjuverkamönnum en forysta PLO.¹⁸² Hann sagði einnig í kjölfar orða Þorsteins að nauðsynlegt væri að viðurkenna PLO sem forystu Palestínu, hvort sem mönnum líkaði

¹⁷⁸ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 192.

¹⁷⁹ Sama heimild, bls. 211.

¹⁸⁰ Sama heimild, bls. 214.

¹⁸¹ „Ríkisstjórnin ætlar sér ekki í viðræður við PLO“, *DV*, 22. mars 1988, bls. 36.

¹⁸² Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 214.

það betur eða verr.¹⁸³ Elías Davíðsson brást hins vegar afar harkalegra við orðum Þorsteins. Hann harmaði ósvífni forsætisráðherra í garð PLO samtakanna og sagði að Íslendingar væru ekki í stríði við Palestínumenn og ættu því ekki að blása í herlúðra gegn forystu Palestínumanna. „Ég krefst þess fyrir hönd okkar Palestínumanna, sem búum hér á landi, að forsætisráðherra dragi ummæli sín til baka og biðjist opinberlega afsökunar á þessum óviðurkvæmilegu ummælum.“¹⁸⁴

Steingrímur fylgdi stefnu sinni eftir þegar hann fór á utanríkisráðherrafund Norðurlanda skömmu síðar.¹⁸⁵ Þar hitti hann fulltrúa PLO í Stokkhólmi, Eugene Makhlouf 23. mars. Á fundi Steingríms og Makhlouf ræddu þeir um þær hugmyndir að utanríkisráðherra PLO kæmi til Íslands og hugsanlega för Steingríms til höfuðstöðva PLO í Túnis. Þorsteinn vildi ekki trúa því að Steingrímur hefði tekið ákvarðanir um samskipti við PLO-menn og krafðist hann að Steingrímur gæfi ítarlega skýrslu um fundahöld sín.¹⁸⁶ Steingrímur hafði fullan hug á því að fara til fundar við Yasser Arafat en Þorsteinn var algjörlega andsnúinn ferðalaginu og ákvað Steingrímur því að fara ekki. Að lokum náði ríkisstjórnin samstöðu um þá stefnu Steingríms sem hann hafði boðað á Alþingi en árétti það að PLO hefði ekki hlotið viðurkenningu Íslands.¹⁸⁷ Svavar Gestsson og Steingrímur ræddu saman eftir þingveislu sem haldin var skömmu eftir fund Steingríms og Makhlouf. Svavar og Steingrímur voru miklir mátar eftir gott samstarf í ríkisstjórn Gunnars Thoroddsen og ræddu þeir oft á tíðum mál líðandi stunda. Í samtali höfundar við Svavar segir hann frá því hversu illa Steingrímur tók gagnrýni Þorsteins. „Þetta kvöld, eða nótt eftir þessa þingveislu var alveg klárt mál að hann vildi fara [úr ríkisstjórninni].“¹⁸⁸

Efnahagsvandinn

Meðal stærstu vandamála ríkisstjórnar Þorsteins voru efnahagsmál. Eftir uppsveiflu í efnahagnum árin á undan var hann á niðurleið og í samtali höfundar við Jón Baldvin segir hann frá því að stjórnin hafi vitað að kreppa var í aðsigi.¹⁸⁹ Bólan á skattlausa

¹⁸³ „Leggur til stuðning við stofnun ríkis Palestínumanna“, *Tíminn*, 23. mars 1988, bls. 5.

¹⁸⁴ „Ég harma ósvífni forsætisráðherra“, *DV*, 23. mars 1988, bls. 36.

¹⁸⁵ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 215.

¹⁸⁶ „Steingrímur fundar með PLO“, *Þjóðviljinn*, 24. mars 1988, bls. 3.

¹⁸⁷ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 216.

¹⁸⁸ Viðtal við Svavar Gestsson 3. apríl 2017.

¹⁸⁹ Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson 3. febrúar 2017.

árinu hafði verið aðdragandi kreppunnar.¹⁹⁰ Eitt stærsta mál ríkisstjórnarinnar var bylting á skattkerfinu og fór Jón Baldvin með verkstjórn í því. Jón Baldvin segir hann að það hafi þurft að setja tekjuskatt á einstaklinga og fyrirtæki og stokka upp í götóttu og úreltu söluskattskerfi til þess að undirbúa virðisaukaskatt. Þá þurfti einnig að stokka upp í öllu tollakerfinu.¹⁹¹ Einnig var í fyrsta skipti lagður skattur á sölu matvæla, svonefndur matarskattur, sem stjórnarandstaðan var andvíg. Í ævisögu sinni segir Steingrímur frá því að „Alþýðubandalagið hamaðist og Albert var eins og trítílóður maður allan veturinn.“¹⁹²

Þegar Jón Baldvin tók við embætti fjármálaráðherra fór hann á fund Þorsteins og vitnaði í Magnús frá Mel, fyrrum þingmann Sjálfstæðisflokksins. Magnús hafði tekið við fjármálaráðuneytinu af Gunnari Thoroddsen árið 1965 í viðreisnarstjórninni og hafði þá sagt við Bjarna Benediktsson forsætisráðherra: „Ég geri það því aðeins að fara í fjármálaráðuneytið að ég hafi þitt persónulega loforð um óbilandi stuðning við fjármálaráðherra því ella er fjármálaráðuneytið ónýtt.“ Það sama sagði Jón Baldvin við Þorstein og játti hann því. Þorsteinn stóð hins vegar ekki við það að mati Jóns Baldvins. „Ég hafði engan stuðning,“ sagði Jón Baldvin.¹⁹³

Í samtali við höfund segir Jón Baldvin að það mörg frumvörp hafi þurft að fara í gegnum stjórnarflokkanna til þess að ná skattkerfisbreytingunni í gegn. Jón Baldvin lagði mörg mál á borð þingflokka en frá Sjálfstæðisflokknum kom ekkert svar. „Það var ekki hægt að fá neinar ákvarðanir teknar í þingflokki Sjálfstæðisflokksins.“ Jón Baldvin kveðst hafa verið orðinn uppgefinn á afstöðuleysi Sjálfstæðisflokksins og því leitað til persónulegra vina sinna úr Sjálfstæðisflokknum til þess að setja upp „herráð sjálfstæðismanna.“ Markmið „herráðsins“ var að fara maður á mann á þingmenn Sjálfstæðisflokksins, svo að flokkurinn tæki afstöðu, þrátt fyrir að það ætti að vera verk Þorsteins.¹⁹⁴

Miðvikudaginn 11. maí flæddi fjórðungur gjaldeyrisforða þjóðarinnar úr landi og virtust allir bankar landsins vera samtaka í verki. Dagurinn fékk viðurnefnið „svarti miðvikudagurinn“. Gjaldyrisviðskipti stöðvuðust og í kjölfarið var ákveðið að fella gengið.¹⁹⁵ Þorsteinn átti þá að fara í opinbera heimsókn til Bandaríkjaforseta, Ronald Reagan en varð að fresta henni. Ákvörðun Þorsteins var að margra mati

¹⁹⁰ Árið 1987 var skattlaust ár á Íslandi, og reiknuðust skattar því ekki af tekjum landsmanna.

¹⁹¹ Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson 3. febrúar 2017.

¹⁹² Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 204–205.

¹⁹³ Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson 3. febrúar 2017.

¹⁹⁴ Sama heimild.

¹⁹⁵ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 217.

djarfmannleg því forsætisráðherra smáríkis á ekki greiða leið til fundar við einn valdamesta mann heims.¹⁹⁶

Ríkisstjórnin þurfti nauðsynlega að grípa til aðgerða og vildi Þorsteinn að gengið yrði fellt og gjaldeyrismarkaðir opnaðir. Steingrímur vildi hins vegar ekki gengisfellingu. „Mér þótti gengisfelling ein og sér nánast verri en ekkert.“ Alþýðuflokkurinn tók undir með Steingrími. Ríkisstjórnin fundaði stíft dagana á eftir „svarta miðvikudeginum“ og sunnudagskvöldið 15. maí var ljóst að ekki næðist samkomulag um annað en gengisfellingu. Niðurstaða ríkisstjórnarinnar var staðfest með bráðabirgðalögum þann 20. maí. Í lögnum kom t.d. fram að allir kjarasamningar voru framlengdir til 10. apríl 1989, launahækkanir voru takmarkaðar og lagt var bann við verkföllum og verkbönum. Aftur á móti hækkuðu skattleysismörkin og persónufrádráttur hækkaði, auk þess sem ellilífeyrir og bætur almannatrygginga voru hækkaðar.¹⁹⁷

Haltrandi ríkisstjórn

Ríkisstjórn Þorsteins fór því haltrandi inn í sumarið eftir erfiðan vetur. Steingrímur varð sextugur þann 22. júní og var slegið til veislu í Hafnarborg í Hafnarfirði. Margir mættu til að samgledjast Steingrími og voru margar ræður haldnar. Ein ræðanna átti þó eftir að setja svip sinn á veisluhöldin, og jafnvel á framtíð íslenskra stjórn mála síðar meir. Það var ræða Svavars Gestssonar. Flestir töldu að um væri grín að ræða hjá Svavari. Áhrínisorð ræðunnar áttu hins vegar eftir að rætast í september. Í ræðu sinni sagði Svavar:

Fyrir 10 árum þegar Steingrímur varð fimmtugur var hann á leiðinni að mynda vinstri stjórn. Nú er hann á villigötum með fhaldi og krötum. Í tilefni dagsins legg ég svo á og mæli um, að áður en langt um líður verði mynduð vinstri stjórn á Íslandi undir forystu Steingríms Hermannssonar.¹⁹⁸

Preyta var komin í stjórnarsamstarfið innan Framsóknarflokksins. Þann 18. júlí tilkynnti Steingrímur þingflokki sínum að næstu vikur yrðu flokkarnir að ná samkomulagi í efnahagsaðgerðum. Þorsteinn hafði verið á ferðalagi um land allt í júlí

¹⁹⁶ Styrmir Gunnarsson, *Sjálfstæðisflokkurinn. Átök og uppgjör*, bls. 236.

¹⁹⁷ *Stjórnartíðindi* 1988 A–C, bls. 40–41 (l. nr. 14/1988).

¹⁹⁸ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 222.

og þegar hann kom til baka bauð hann Steingrími til morgunverðarfundar í Ráðherrabústaðnum þann 25. júlí. Samskipti Steingríms og Þorsteins höfðu fram að þessu verið afar stíð og nær eingöngu takmarkast við fundi ríkisstjórnarinnar. „Þetta var óvenjulegt og í raun og veru einsdæmi.“ Formennirnir tveir ræddu saman hreinskilninslega um erfiðleikanna og að aðgerðir væru þarfar. Steingrími fannst eins og að Þorsteinn væri honum sammála. „Þessa morgunstund færðumst við Þorsteinn nær hvor öðrum en við höfðum áður verið. Mér þótti hann í fyrsta sinn einlægur. Ég gekk hæstánægður á braut. Það var langt síðan ég hafði verið svo bjartsýnn með stjórnarsamstarfið.“¹⁹⁹

Á sama morgunverðarfundi stakk Þorsteinn upp á því að sett yrði á laggirnar nefnd til þess að gera tillögur að umfangsmiklum aðgerðum í efnahagsmálum. Þann 2. ágúst var nefndin skipuð og var hún nefnd forstjóranefndin. Einar Oddur Kristjánsson, útgerðarmaður frá Flateyri fór fyrir nefndinni sem átti að ná samstöðu um eina af fjórum leiðum til þess að mæta erfiðleikum undirstöðuáttvinnuveganna. Þær voru millifærslu-, gengisfellingar-, framleiðni- og niðurfærsluleið. Alþýðuflokksmennirnir Jón Baldvin og Jón Sigurðsson vildu fara niðurfærsluleiðina en hún hafði aðeins einu sinni áður verið reynd, í minnihlutastjórn Emils Jónssonar 1959. Framsóknarflokkurinn vildi útfæra blandaða leið og var það óljóst hvað sjálfstæðismenn vildu.²⁰⁰ Í samtali höfundar við Þorstein segir hann að flokkur hans hafi viljað breyta genginu.²⁰¹

Þorsteinn fékk annað tækifæri til þess að fara á fund Ronald Reagan Bandaríkjaforseta og fór hann í opinbera heimsókn þann 10. ágúst.²⁰² Í kjölfar fundarins við Bandaríkjaforseta ákvað Þorsteinn lengja dvöl sína í Bandaríkjunum og fara í frí til Flórída og var hann fjarverandi frá 7.-22. ágúst. Steingrímur vildi sem minnst segja um frí Þorsteins í viðtali við *DV* en sagði samt sem áður: „Við framsóknarmenn munum ekkert slaka á [...] Ég held að það sé voðalega erfitt að fara í frí núna fyrir mitt leyti.“²⁰³ Ummæli Steingríms vöktu hörð viðbrögð sjálfstæðismanna og sagði Friðrik Sophusson t.d. að ummæli hans væru út í bláinn.²⁰⁴

Þriðjudaginn 9. ágúst mætti Ólafur Ragnar Grímsson til fundar við Steingrím. Yfirskrift fundarins var samþykkt alþjóðlegu þingmannasamtakanna um bann við

¹⁹⁹ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 223–224.

²⁰⁰ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 224–226.

²⁰¹ Viðtal við Þorstein Pálsson 3. mars 2017.

²⁰² „Vinátta tveggja samstarfsþjóða ítrekuð“, *Tíminn*, 11. ágúst 1988, bls. 1.

²⁰³ „Það vantar verkstjóran“, *DV*, 9. ágúst 1988, bls. 40.

²⁰⁴ „Ummæli Steingríms algerlega út í bláinn“, *DV*, 12. ágúst 1988, bls. 42.

tilraunir með kjarnorkuvopn.²⁰⁵ Ólafur Ragnar var þarna orðinn formaður Alþýðubandalagsins þrátt fyrir að vera afar umdeildur í sínum eigin flokki. Svavar Gestsson, forveri Ólafs Ragnars var ekki meðal stuðningsmanna hans í formannskjörinu og fannst afleitt að hann skyldi verða formaður. Svavar íhugaði jafnvel, ásamt nokkrum öðrum að segja sig úr flokknum og stofna nýjan flokk.²⁰⁶ Efni fundar Steingríms og Ólafs Ragnars var hins vegar aðeins yfirskin. Ætlun Ólafs Ragnars var að ræða um framtíðina. Ólafur Ragnar sagði við Steingrím að efnahagsstefna ríkisstjórnarinnar væri gjaldþrota og að komið væri að lokum í núverandi stjórnarsamstarfi. Ólafur Ragnar skýrði einnig afstöðu Alþýðubandalagsins og vildi hann að Steingrímur vissi að það væri ekki fráhverft þátttöku í ríkisstjórn.²⁰⁷ Alþýðubandalagið var tilbúið í ríkisstjórn og í samtali höfundar við Svavar hélt hann að Ólafur Ragnar hefði verið að tala við bæði Steingrím og Jón Baldvin allt sumarið.²⁰⁸

Jón Baldvin var farinn að hafa áhyggjur af þjóðmálunum á þessum tíma. Hann vildi hitta forystumenn Framsóknarflokksins en innan flokksins var vaxandi stuðningur við niðurfærsluleiðina, líkt og hjá Alþýðuflokknum. Steingrímur var hins vegar staddur í laxveiði og þurfti Gunnlaugur M. Sigmundsson, formaður efnahagsnefndar Framsóknarflokksins og einn helsti trúnaðarmaður Steingríms að stíga inn í hans stað. Gunnlaugur fékk Guðmund G. Þórarinsson til þess að hitta Jónana tvo í Alþýðuflokknum og kom í ljós á fundi þeirra að framsóknarmennirnir og Jón Baldvin virtust sammála um flest. Þeim nöfnum fannst einnig að forsætisráðherrann væri í litlum samskiptum við ráðherra sína. Þá töldu þeir að Sjálfstæðisflokkurinn kynni að vilja fara úr stjórnarsamstarfinu og athuguðu þeir vilja Framsóknarflokksins til þess að mynda minnihlutastjórn.²⁰⁹

Jón Baldvin var sá ráðherra í ríkisstjórninni sem hafði fundað hvað mest með Þorsteini vegna efnahagsástandsins í landinu. En Jón Baldvin segir að í júní hafi Þorsteinn hins vegar hætt að svara sér og því hafi hann þurft að leita til bernskuvinar síns, Styrmis Gunnarssonar, annars ritstjóra *Morgunblaðsins*.²¹⁰ Í bók sinni, *Sjálfstæðisflokkurinn – Átök og uppgjör* segir Styrmir frá því þegar Jón Baldvin hringdi í hann og sagði farir sínar ekki sléttar því að forsætisráðherrann neitaði að tala

²⁰⁵ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 226–227.

²⁰⁶ Viðtal við Svavar Gestsson 3. apríl 2017.

²⁰⁷ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 227.

²⁰⁸ Viðtal við Svavar Gestsson 3. apríl 2017.

²⁰⁹ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 228–229.

²¹⁰ Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson 3. febrúar 2017.

við sig. „Hann bað mig hringja í Þorstein og fá hann til þess að tala við sig. Ég gerði það. Þorsteinn sat fast við sinn keip. Ég sagði að hann gæti ekki neitað að tala við fjármálaráðherra sinn. Hann sagði að það gæti hann víst.“²¹¹

Í samtali við Þorstein segist hann hafa fundið fyrir því að Jón Baldvin hafi verið á hreyfingu þegar líða tók á samstarfið.²¹² Hann var að færa sig frá Sjálfstæðisflokknum og yfir til Framsóknarflokksins. Gagnrýni á Sjálfstæðisflokkinn í ríkisstjórnarsamstarfinu hafði lengi vel komið aðeins frá Framsóknarflokknum. Þegar sumarið leið kom gagnrýni á Sjálfstæðisflokkinn einnig frá Alþýðuflokknum. Bæði Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn voru sammála um að fara niðurfærsluleiðina, og þegar forstjóranefndin skilaði af sér þann 23. ágúst náði hún einnig niðurstöðu um niðurfærsluleiðina. En eftir að Þorsteinn kom heim úr frínu sínu, þá ýttu sjálfstæðismenn niðurfærslunni út af borðinu.²¹³

Niðurfærslan hefði aðeins verið möguleg með stuðningi verkalýðshreyfingarinnar því hún gengur út á að lækka allan kostnað í landinu, þar á meðal laun. Ásmundur Stefánsson, forseti Alþýðusambands Íslands sendi bréf til Þorsteins þann 6. september og kom m.a. fram að sambandið væri ekki til viðræðna um lækkun launa.²¹⁴ Þorsteinn sagði í samtali við höfund að hann hefði aldrei viljað fara niðurfærsluleiðina og því hafi bréf Ásmundar verið eitthvað sem hann þurfti.²¹⁵ Í sjónvarpsfréttum 7. september sló Þorsteinn niðurfærsluleiðina af, degi áður en það átti að taka hana til umræðu á ríkisstjórnarfund. Í ævisögu sinni segir Steingrímur að „í kjölfarið hófst sú atburðarrás sem lauk með einum sögulegustu stjórnarslitum Íslandssögunnar.“²¹⁶

Rýtingsstunga í bakið á samstarfsmanni

Steingrími og Jóni Baldvini varð vel til vina þegar leið á stjórnarsamstarfið líkt og áður hefur komið fram og voru þeir oft á tíðum samstíga gegn Sjálfstæðisflokknum. Í samtali höfundar við Jón Baldvin segir hann að honum hafi líkað vel við Steingrím í stjórnarsamstarfinu. „Hann hafði mikið, sterkt pólitískt þefskyn [...] Hann hafði einn eiginleika, hann hafði sjálfstraust. Steingrímur var vel látinn og vinsæll út á við sem

²¹¹ Styrmir Gunnarsson, *Sjálfstæðisflokkurinn. Átök og uppgjör*, bls. 237.

²¹² Viðtal við Þorstein Pálsson 3. mars 2017.

²¹³ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 230.

²¹⁴ „Niðurfærsluleiðin ekki fær eftir afdráttarlaust svar ASÍ“, *Morgunblaðið*, 7. september 1988, bls. 64.

²¹⁵ Viðtal við Þorstein Pálsson 3. mars 2017.

²¹⁶ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 231.

talsmaður og svo hitt, hann var mannasættir [...] Þrátt fyrir óvild á milli flokkanna, þá urðum við einfaldlega hinir mestu mátar.“²¹⁷

Steingrímur hafði sömu sögu að segja um Jón Baldvin:

Jón Baldvin Hannibalsson er einn litríkasti stjórnmalamaður sem ég hef kynnst. Jón Baldvin tók það eftir föður sínum að vera stríðsmaður í stjórnmalum. Heitar tilfinningar einkenndu orð hans og gerðir [...] Ég hafði alltaf lúmskt gaman af Jóni Baldvin þótt ýmsir framsóknarmenn hefðu horn í síðu hans. Við nánari kynni þótti mér mest um vert hvað hann var skemmtilegur félagi og góður samstarfsmaður [...] Í rökræðum var erfiðari andstæðingur eða betri bandamaður vandfundinn.²¹⁸

Næstu daga fundaði ríkisstjórnin linnulaust. Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn voru enn sammála um að fara ætti niðurfærsluleiðina. Í herbúðum Framsóknarflokksins var þolinmæðin gagnvart Þorsteini á þrotum. Flokkurinn var farinn að tala fyrir stjórnarslitum á þingflokks- og framkvæmdastjórnarfundi þann 8. september. Hann setti gálgafrest á ríkisstjórnina því ákveðið var að boða til miðstjórnarfundar 17. september. Ríkisstjórnin fékk viku til þess að koma sér saman um tillögur við efnahagsvandann.

Í byrjun september var orðið ljóst að það stefndi í stjórnarslit. Þorsteinn segist hafa vitað af fundi Steingríms og Ólafs Ragnars Grímssonar þann 9. ágúst.²¹⁹ Í viðtali við *DV* ásakaði Þorsteinn samstarfsflokka sína um stjórnarmyndunarviðræður á bak við tjöldin án samstarfs með Sjálfstæðisflokknum: „Ég held að þjóðin fái þarna skýringu á því hvers vegna Framsóknarflokkur og Alþýðuflokkur hafa látið með þessum hætti og gert stjórninni svona erfitt fyrir.“²²⁰

Miðvikudaginn 14. september voru formenn stjórnarflokkanna ekki enn búnir að komast að niðurstöðu. Var því ákveðið að fá einn úr hverjum flokki til þess að ná niðurstöðu. Það voru Friðrik Sophusson, Halldór Ásgrímsson og Jón Sigurðsson sem áttu að leysa þetta vandasama ágreiningsmál. Helstu fréttir dagblaðanna þessa daga voru átök stjórnarflokkanna og í *Morgunblaðinu* 16. september sagði Agnes

²¹⁷ Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson 3. febrúar 2017.

²¹⁸ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 206.

²¹⁹ Viðtal við Þorstein Pálsson 3. mars 2017.

²²⁰ „Skýrir hvers vegna þeir hafa reynt að eyðileggja stjórnina“, *DV*, 9. september 1988, bls. 2.

Bragadóttir, fréttakona blaðsins, að dómsdagur væri ekki endilega í dag.²²¹ Agnes átti eftir að hafa rangt fyrir sér.

Þorsteinn boðaði Jón Baldvin til fundar við sig í Stjórnarráðinu 16. september og hófst fundur þeirra klukkan 11.²²² Í samtali höfundar við Jón Baldvin og Þorstein ber frásögnum þeirra ekki saman. Jón Baldvin segir að Þorsteinn hafi komið með tillögu frá sjálfstæðismönnum um lækkun á matarskattinum, sem Jón Baldvin segir að hafi verið til þess að skapa enn eina undanþáguna fyrir sérhagsmunahópa innan Sjálfstæðisflokksins.²²³ Þorsteinn segir hins vegar að hann hafi verið með hugmynd um að lækka matarskattinn á móti gengisáhrifum til þess að gengisbreyting hefði ekki sömu áhrif á verðlag og útgjöld heimilanna. Til þess að framkvæma þessa hugmynd var Þorsteinn tilbúinn til þess að beita sér fyrir því í sínum eigin flokki. Einnig sagði Þorsteinn að hann væri tilbúinn til þess að beita fyrir því að hækka tekjuskatt á móti þannig að ekki yrði tekjutap á ríkissjóði. Þorsteinn tók skýrt fram að þetta hafi verið hugmynd en ekki tillaga sem snerti ráðuneyti Jóns Baldvins og að hann myndi ekki setja hana fram ef Jón Baldvin væri á móti henni.²²⁴

Jón Baldvin segist hafa spurt Þorstein hvort þetta væri ekki „pólítísk rýtingsstunga í bakið á samstarfsmanninum sem hafði vaðið eld og brennistein, bakað sér miklar óvinsældir með að koma þessu á.“²²⁵ Þorsteini fannst þessi orð Jóns Baldvins algjörlega út í hött og sagði að hann myndi ekki leggja þessa hugmynd fram við hinn samstarfsflokkinn, nema hann væri sammála. „Hann kaus að túlka þetta samtal á þennan veg og mín mistök að treysta því að geta átt trúnaðarsamtal um hugmynd en ekki tillögu.“ Eftir fund Þorsteins og Jón Baldvins var Þorsteini orðið ljóst að það væri málefnalega útilokað að halda stjórninni áfram.²²⁶

Eitt af því fyrsta sem Jón Baldvin gerði eftir fundinn var að hringja í Steingrím. Fyrsta spurning Jóns Baldvins var hvort að hann hafði heyrt af tillögum Þorsteins. Steingrímur hafði ekki heyrt af þeim. „Á stjórn málaferli mínum hef ég sjaldan orðið vitni að jafnheitri reiði og þeirri er brann á Jóni Baldvini þennan dag. Það sauð á honum.“²²⁷

²²¹ Agnes Bragadóttir, „Framfærsla með voðalega flókinni bókfærslu“, *Morgunblaðið*, 16. september 1988, bls. 20.

²²² Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 234.

²²³ Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson 3. febrúar 2017.

²²⁴ Viðtal við Þorstein Pálsson 3. mars 2017.

²²⁵ Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson 3. febrúar 2017.

²²⁶ Viðtal við Þorstein Pálsson 3. mars 2017.

²²⁷ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 235.

Jón Baldvin fór strax upp í fjármálaráðuneytið til þess að láta ráðuneytislið sitt fara í gegnum tillögur Þorsteins. Komst teymið hans að því að þær stæðust ekki forsendur og yfirlýst markmið tillaganna. Teymið komst að því að þetta væri aðeins málamyndaplagg og að þetta myndi stórspilla fyrir útfærslu á virðisaukaskattkerfinu sem var á lokastigi.²²⁸ Formennirnir þrír áttu að hittast klukkan þrjú þann 16. september en Jón Baldvin fékk fundinum frestað. Klukkan fimm gengu Steingrímur og Jón Baldvin á fund Þorsteins til þess að biðja hann um að draga tillögur sínar til baka. Þorsteinn sagði fátt og fannst Steingrími hann vera að byggja upp málstað fyrir stjórnarslitum. Steingrímur vissi að stjórnin væri sprungin: „Undanfarna daga hafði ég talið að spurningin væri ekki um það hvort stjórnin spryngi heldur aðeins hvernig og hvenær.“ Þorsteinn ákvað ekki að draga til baka tillögu sína. „Með svari sínu sleit Þorsteinn stjórnarsamstarfinu.“²²⁹

Eftir fund formannanna fékk Jón Baldvin hringingu frá fréttastofu útvarpsins og var fréttamaðurinn með tillögur Þorsteins undir höndum. Tillögum forsætisráðherra hafði verið lekið til fjölmiðla. Þann 14. september hafði Steingrímur verið beðinn um að vera gestur í myndveri Stöðvar 2 þann 16. september. Steingrímur lét sig ekki vanta, þrátt fyrir allt sem hafði gengið á þennan dag. Fréttamenn Stöðvar 2 reyndust einnig hafa fengið tillögurnar í hendur.²³⁰

Í samtali höfundar við Jón Baldvin segist hann hafa komið heim til sín og heyrt að Steingrímur ætti að vera í sjónvarpinu. Þá sá hann einnig að tillögum Þorsteins hafði verið lekið í fréttamenn Stöðvar 2, bæði frá forsætisráðuneytinu og hans eigin ráðuneyti. Það var einnig ljóst að fréttamennirnir höfðu vitað hvernig Jón Baldvin og Steingrímur höfðu brugðist við tillögum Þorsteins. Jón Baldvin taldi það óhjákvæmilegt að Steingrímur yrði spurður um þessi mál, þar sem hann væri ekki inni í þeim. „Svo ég tek bara hatt minn og staf, og sest upp í bíl og býð sjálfum mér í þennan sjónvarpsþátt.“²³¹

Stjórnin sem sprakk í beinni

Sjónvarpsþátturinn 19:19 undir stjórn Helga Péturssonar og Ólafs E. Friðrikssonar hófst að fréttatímanum loknum þann 16. september. Jón Baldvin var þá mættur með

²²⁸ Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson 3. febrúar 2017.

²²⁹ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 235–236.

²³⁰ Sama heimild, bls. 236.

²³¹ Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson 3. febrúar 2017.

Steingrími. Þorsteini var einnig boðið til þess að koma í sjónvarpsþáttinn en hann afþakkaði það. Hann vildi ekki ræða þessar tillögur opinberlega fyrir en eftir ríkisstjórnarfund sem átti að vera haldinn daginn eftir.²³²

Í upphafi þáttar þuldi Ólafur E. Friðriksson, fréttamaður upp tillögur Þorsteins og vildi Jón Baldvin helst ekki ræða gögn sem áttu að vera trúnaðarmál í beinni útsendingu. En þar sem gögnunum hafði verið lekið færði hann rök fyrir að tillögur Þorsteins gengju ekki upp, ásamt því að hann trúði því ekki að Þorsteinn sjálfur hafi verið höfundur tillögunnar. Steingrímur hafði fengið tillögunnar á fundi formannanna fyrir um daginn og lofaði hann að greina ekki frá þeim, sem hann var ákveðinn að standa við. Tillögur Þorsteins voru hins vegar það fyrsta sem Steingrímur heyrði í fréttum þegar hann kom heim til sín. Steingrími leist ógæfulega á tillögunnar og viðurkenndi að það hafi verið hann sem lagði það til við forsætisráðherra að draga þær til baka.²³³

Eftir því sem þátturinn leið, fóru Jón Baldvin og Steingrímur að vera harðorðari í garð Þorsteins. Jón Baldvin var spurður hvernig það væri að vera fjármálaráðherra í ríkisstjórn með forsætisráðherra sem lagði fram tillögu um að fella niður matarskattinn, sem Jón Baldvin hafði barist hvað mest fyrir. Jón Baldvin brosti dauflega við þeirri spurningu. „Þá spurði ég hann [Þorstein] einfaldlega að því, hvort honum þætti ofmælt, að þetta væri ekki aðeins rýtingur úr erminni, heldur rýtingur í bakið á samstarfsmanni [...] Hann sagði að þetta væri ekki þannig meint, þetta væri vel meint.“²³⁴

Þessi orð Jón Baldvins, „rýtingur í bakið á samstarfsmanni,“ áttu eftir að stýra sjónvarpsþættinum. Jón Baldvin var spurður hvort hann gæti setið áfram í ríkisstjórn eftir þessa rýtingsstungu. Jón Baldvin var þessa stundina að spyrja sig að því sama og hafði hann spurt Þorstein að sömu spurningar á fundi þeirra fyrir um daginn. Jón Baldvin fékk ekkert svar. Steingrímur tók undir hvert orð sem fjármálaráðherra hafði að segja og sagði: „Það hlýtur að þýða að traust er ekki lengur til, og það á sama við um mig.“ Helgi Pétursson, fréttamaður spurði þá hvað það þýddi. „Sem þýðir að það þarf kraftaverk til að lyfta þessu upp á það plan, að ríkisstjórnin geti haldið áfram að

²³² Ingólfur Margeirsson, „Saga og sjónvarp“, bls. 51.

²³³ Sama heimild, bls. 51–52.

²³⁴ Sama heimild, bls. 53.

starfa til einhvers tíma [...] en ég er hræddur um að engin hefði trú á því mikið lengur.“²³⁵

Fréttamennirnir voru fljótir að átta sig á að ríkisstjórnin væri sprungin. Ólafur E. Friðriksson spurði því Jón Baldvin og Steingrím hvort að þeir gæti hugsað sér að mynda saman minnihlutastjórn. Jón Baldvin svaraði honum: „Ætli það sé ekki óhætt að svara því strax, Ólafur, að við myndum ekki mynda nýja ríkisstjórn hér í beinni útsendingu.“ Steingrímur svaraði svo skömmu síðar: „Í þessu vil ég ekki útiloka minnihlutastjórn. Ég útiloka hana bara alls ekki.“²³⁶

Undir lok viðtalsins spurði Helgi Pétursson formennina hvort að „ríkisstjórnin hafi andast af völdum þessarar sprengju.“ Ólafur E. Friðriksson bað um hreinskilið svar. Jón Baldvin svaraði: „Já, kærleiksblómin spretta kringum hitt og þetta.“ Steingrímur svaraði: „Þetta er mjög djúpt sár.“²³⁷

Í samtali höfundar við Þorstein segist hann hafa ekki séð sjónvarpsþáttinn þegar hann var sýndur þann 16. september, heldur sá hann þáttinn síðar. Þorsteini fannst lítið til þáttarins koma. Honum fannst óheiðarlegt af Alþýðuflokknum á þessum lokapunkti að nota tillögurnar sem ástæðu til stjórnarslita. Efnislega hefði verið hægt að bjarga stjórninni með einhverri svona tillögu en málefnalega var ekki hægt að halda samstarfinu áfram mikið lengur. „Ég hefði bara talið það heiðarlegra að gera það upp á þeim málefnalegum forsendum sem stjórnin í raun og veru sprakk á, en ekki þessari tilbúnu ástæðu.“²³⁸

Ríkisstjórnarsamstarfinu lýkur

Sjónvarpsþátturinn kom mörgum á óvart, þar á meðal Svavari Gestssyni, þingmanni Alþýðubandalagsins og Guðrúnu Agnarsdóttur, þingkonu Kvinnalistas. Í samtali höfundar við Guðrúnu sagði hún: „Þetta kom mér, og okkur hinum [í Kvinnalistanum] algjörlega á óvart. Maður vissi ekkert um þetta ósamkomulag á milli manna.“²³⁹ Í samtali höfundar við Svavar var hann sammála Guðrúnu: „Ég gerði ekki ráð fyrir því að þetta myndi gerast svona. Þetta var líka svolítið óeðlilegt og

²³⁵ Ingólfur Margeirsson, „Saga og sjónvarp“, bls. 54–55.

²³⁶ Sama heimild, bls. 55.

²³⁷ Sama heimild, bls. 57.

²³⁸ Viðtal við Þorstein Pálsson 3. mars 2017.

²³⁹ Viðtal við Guðrúnu Agnarsdóttur 5. apríl 2017

óheiðarlegt gagnvart Þorsteini. Eitt af því sem skiptir máli í pólitík og mannlegum samskiptum er að vera heiðarlegur hver við annan og segja satt.²⁴⁰

Þorsteinn boðaði til ríkisstjórnarfundar laugardaginn 17. september og átti hann að hefjast klukkan þrjú. Skömmu áður en fundurinn átti að hefjast gengu Steingrímur og Jón Baldvin á fund Þorsteins. Þar tilkynntu þeir að Framsóknarflokkurinn og Alþýðuflokkurinn gætu ekki samþykkt tillögur hans frá deginum áður. Auk þess óskuðu þeir eftir því að Þorsteinn bæðist lausnar fyrir sig og ríkisstjórnina. „Þorsteinn sat þögull undir beiðni okkar. Andlitið var svipbrigðalítið og munnurinn samanbitinn.“²⁴¹

Skömmu síðar hófst ríkisstjórnarfundurinn og stóð hann í aðeins hálf tíma. Í ævisögu Steingríms segir að ekki hafi þung orð fallið á fundinum en hann hafi verið kuldalegur. „Ríkisstjórnarfundurinn sem á eftir fylgdi var einhver sá kuldalegasti sem ég hef setið.“ Steingrímur og Jón Baldvin óskuðu eftir því sama og á fundi formannanna skömmu fyrir fundinn, að Þorsteinn bæðist lausnar fyrir sig og ríkisstjórnina. Allir ráðherrar gengu út að fundinum loknum nema Þorsteinn. Klukkan fimm funduðu formennirnir aftur og stóð fundurinn í tvær mínútur. Þorsteinn vildi að Steingrímur og Jón Baldvin drægju flokka sína út úr ríkisstjórninni til þess að hann gæti kallað þingið saman og lagt tillögur sínar fyrir það. Steingrímur sagði í ævisögu sinni: „Þetta var hlægileg tillaga. Við höfnuðum henni umyrðalaust.“²⁴²

Þegar höfundur spurði Jón Baldvin og Þorstein um ástæður þess að stjórnin hefði sprungið komu tvö ólík svör. Jón Baldvin var stutturður: „Sjálfstæðisflokkurinn var óstjórnshæfur.“²⁴³ Þorsteinn kom með tvær ástæður og var skýrari í svörum:

Það var þessi ágreiningur um hver ætti að leiða stjórnina og ég held að hvorki Jón Baldvin og sérstaklega Steingrímur hafi verið sáttir við niðurstöðuna hver tæki forsætið. Ég held að hann [Steingrímur] hafi aldrei ætlað sér að vera í þessu stjórnarsamstarfi lengi út af því. Síðan kemur þessi sala á Útvegsbankanum haustið 1987, rétt eftir að stjórnin var mynduð og eftir það brast allur trúnaður. Það er svona með alvarlegri málum finnst mér í ríkisstjórnarsamstarfi að ætla

²⁴⁰ Viðtal við Svavar Gestsson 3. apríl 2017.

²⁴¹ Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann*, bls. 238.

²⁴² Sama heimild, bls. 238–239.

²⁴³ Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson 3. febrúar 2017.

sér að taka svona stóra ákvörðun og halda forystuflokki ríkisstjórnarinnar fyrir utan hana.²⁴⁴

Þorsteinn gekk á fund forseta Íslands þann 17. september og baðst lausnar fyrir sig og ráðuneyti sitt. Í samtali höfundar við Þorstein sagði hann að tilfinningin hafi verið fúl er hann skilaði inn lausnarbeiðninni. „Auðvitað var maður svekkur.“²⁴⁵ Þorsteinn var harðorður í viðtali við *DV* skömmu eftir sjónvarpsþáttinn að stjórninni hafi verið slátrað í beinni útsendingu. Hann taldi einnig að þeir menn sem slitu stjórninni bæru mikla ábyrgð og sagði að mörgum beittum persónulegum spjótum væri beint að sér.²⁴⁶ Eftir 14 mánuði við völd var ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks sprungin.

²⁴⁴ Viðtal við Þorstein Pálsson 3. mars 2017.

²⁴⁵ Sama heimild.

²⁴⁶ „Stjórninni slátrað í beinni útsendingu“, *DV*, 19. september 1988, bls. 6.

Niðurstöður

Sannleikurinn er sagna bestur segir málshátturinn. Sagnfræðingur sem leitar sannleikans þarf oft á tíðum að vinna með margar ólíkar heimildir, sem segja ekki sömu söguna. Í þeirri vegferð sem þessi ritgerð hefur verið, hef ég þurft að vinna með mikið af ólíkum heimildum, svo sem þingflokkskjöl, viðtöl, dagblöð, sögur flokkanna og einstakra leikmanna. Þetta eru allt mismunandi heimildir og frásögn aðila er ólík. Þótt ritgerðin gefi nokkuð góða mynd á hvað gerðist, ber að hafa í huga að það er erfitt, og í raun ómögulegt, að komast að hinum eina sannleika um hvað gekk á í aðdraganda Alþingiskosninganna 1987 til stjórnarslita ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar.

Tímabilið sem sagan nær yfir er ekki langt, rúmlega 20 mánuðir. Hún hefst er Stefán Valgeirsson, sem hafði verið þingmaður Framsóknarflokksins í áraraddir, sagði sig úr flokknum í kjölfar prófkjörs og stofnaði Samtök um jafnrétti og félagshyggju. Því næst er farið yfir í Albert Guðmundsson, en þáttur hans var sá umtalaðasti í aðdraganda kosninganna. Við rannsókn á bókhaldi Hafskips, fann rannsóknarlögreglan merki um tvær greiðslur sem höfðu farið til Alberts á árunum 1984 og 1985. Hann hafði ekki gefið þessar greiðslur upp til skatts en á þessum tíma var Albert fjármálaráðherra í ríkisstjórn Steingríms Hermannssonar og því yfirmaður skattamála á Íslandi. Þorsteinn Pálsson, formaður Sjálfstæðisflokksins krafðist þess að Albert segði af sér sem ráðherra, sem hann gerði, þann 24. mars 1987. Í stað þess að halda fyrsta sæti sínu á lista Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, ákvað Albert að segja sig úr flokknum, og ganga til liðs við Borgaraflokkinn sem stofnaður var af „hulduhernum“, helstu stuðningsmönnum Alberts.

Stofnun Borgaraflokksins bitnaði töluvert á fylgi fjórflokksins. Fylgi hans hrundi, og þá sérstaklega fylgi Sjálfstæðisflokksins. Aðeins tvö framboð sem buðu sig fram til Alþingis, juku fylgi sitt í skoðanakönnunum eftir stofnun Borgaraflokksins, Framsóknarflokkurinn og Kvinnalistinn. Þegar úrslit kosninganna voru ljós, varð fjórflokkurinn fyrir áfalli. Hann hafði aldrei fengið jafn lítið fylgi í kosningum áður, eða 74,6%. Lítið fylgi fjórflokksins má rekja til sigurs Borgaraflokksins og Kvinnalistans. Síðarnefnda framboðið tvöfaldaði þingflokk sinn frá kosningunum fjórum árum áður. Aldrei áður á lýðveldistímanum hafði nýtt stjórn málaframboð aukið við fylgið sitt eftir sínar fyrstu kosningar, líkt og Kvinnalistinn gerði. Sjö

framboð fengu kjörna fulltrúa á þing, en slíkur fjöldi framboða á Alþingi hafði aldrei gerst áður.

Eftir kosningarnar var ljóst að erfitt yrði að mynda ríkisstjórn og við tók stjórnarkreppa. Formenn þriggja stærstu flokkanna, Steingrímur Hermannsson, Þorsteinn Pálsson og Jón Baldvin Hannibalsson fengu allir umboð til stjórnarmyndunar og eftir langar viðræður um ráðherrastóla, náðist samkomulag um ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks, Framsóknarflokks og Alþýðuflokks undir forsæti Þorsteins Pálssonar. Það tók 74 daga að mynda ríkisstjórnina en aðeins einu sinni hefur liðið lengri tími við myndun stjórnar – árið 1947.

Samstarf flokkanna var erfitt, nánast frá fyrsta degi. Fyrsta stóra ágreiningsmál stjórnarinnar var þegar Framsóknarflokkur og Alþýðuflokkur ætluðu að selja Útvegsbankann. Þorsteinn Pálsson fékk ekki að vita um söluna fyrr en kvöldið áður en það átti að tilkynna hana. Hann náði að stöðva söluna en hann sagði í samtali við höfund að í þessu máli hafi allt traust horfið á milli stjórnarflokkanna og ekki verið hægt að byggja það upp aftur.

Efnahagsmálin áttu svo eftir að reynast stjórninni erfið. Það stefndi í kreppu og flokkarnir gátu ekki komið sér saman um hvaða leið ætti að fara til þess að leysa úr þeim vanda. Framsóknarflokkur og Alþýðuflokkur vildu fara niðurfærsluleiðina en Sjálfstæðisflokkur vildi gengisfellingu. Endapunktur stjórnarinnar kom 16. september og var það tillaga Þorsteins um að lækka matarskattinn sem Jón Baldvin hafði vaðið eld og brennistein til þess að koma á að hans mati. Tillögum Þorsteins var lekið í fjölmiðla og sama kvöld átti Steingrímur að mæta í sjónvarpsþáttinn 19:19 og voru tillögurnar umræðuefni þáttarins. Steingrímur var lítið inn í þessum málum og ákvað Jón Baldvin því að mæta óboðinn í sjónvarpsþáttinn þar sem þeir fóru hörðum orðum um forsætisráðherrann. Þorsteinn baðst lausnar fyrir sig og ríkisstjórnina daginn eftir, þann 17. september og var því 14 mánaða samstarfi flokkanna lokið. Eftir sjónvarpsþáttinn fékk ríkisstjórnin viðurnefnið *Stjórnin sem sprakk í beinni*. Eftir þáttinn varð almenningi ljóst að stjórnin væri sprungin. Hún sprakk hins vegar ekki vegna þáttarins, heldur vegna ágreinings innan ríkisstjórnarinnar.

Lykilmenn sögunnar eru þrír, þ.e. formenn stjórnarflokkanna. Þorsteinn varð forsætisráðherra eftir að Steingrímur og Jón Baldvin vildu ekki sjá hvorn annan í forsætisráðherrastólnum. Steingrímur og Jón Baldvin voru hins vegar hvorugir sáttir með að Þorsteinn varð forsætisráðherra. Feður Jóns Baldvins og Steingríms voru báðir reyndir þingmenn og ráðherrar og ólust þeir því nánast upp í Alþingishúsinu og höfðu

þeir áralanga þingreynslu að baki. Þorsteinn hafði það ekki. Hann settist fyrst á þing árið 1983 og hafði því ekki sömu reynslu og Steingrímur og Jón Baldvin. Það hefur líklega haft einhver áhrif á samstarf þeirra. Þegar á heildina er litið einkennist tímabilið frá aðdraganda Alþingiskosninganna 1987 til stjórnarslita ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar af persónulegum erjum á milli einstaklinga, í stað málefnalegs ágreinings. Svavar Gestsson komst vel að orði hvað þetta varðar í samtali við höfund: „Það er oft vandinn með íslenska pólitík að það eru persónulegir hlutir sem valda skilnaði eða samstarfi á milli manna frekar en allt annað.“²⁴⁷

²⁴⁷ Viðtal við Svavar Gestsson 3. apríl 2017.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir

Kvennasögusafn

KSS 400.61 Fundagerðarbækur þingflokksins.

Námsritgerð

Ingólfur Margeirsson, Saga og sjónvarp. Sprakk ríkisstjórn Þorsteins Pálssonar í beinni sjónvarpsútsendingu í septembermánuði 1988? BA-ritgerð í sagnfræði 2006.

Viðtöl

Viðtal við Guðrúnu Agnarsdóttur 5. apríl 2017, viðtal í vörslu höfundar.

Viðtal við Jón Baldvin Hannibalsson 3. febrúar 2017, viðtal í vörslu höfundar.

Viðtal við Svavar Gestsson 3. apríl 2017, viðtal í vörslu höfundar.

Viðtal við Þorstein Pálsson 3. mars 2017, viðtal í vörslu höfundar.

Þjóðskjalasafn Íslands

ÞÍ. Alþýðuflokkurinn 2008-36 A-A1 16.

ÞÍ. Alþýðuflokkurinn 2008-36 A-A8 7.

Prentaðar heimildir

Alþingismannatal 1845–1995 (Reykjavík 1996).

Alþýðublaðið 1987.

Dagur B. Eggertsson, *Forsætisráðherrann. Steingrímur Hermannsson. Ævisaga III* (Reykjavík 2000).

DV (Reykjavík 1987–1988).

Forsætisráðuneytið, *Stefnuyfirlýsing og starfsáætlun ríkisstjórnar Þorsteins Pálssonar* (1987).

Guðjón Friðriksson, *Úr fjötrum. Saga Alþýðuflokksins* (Reykjavík 2016).

Helgarpósturinn (Reykjavík 1987).

Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld* (Reykjavík 2002).

Ingvi Hrafn Jónsson, *Og þá flaug hrafnninn* (Reykjavík 1988).

Kosningaskýrslur II 1949–1987 (Reykjavík 1988).

Kristín Jónsdóttir, „*Hlustaðu á þína innri rödd*“. *Kvennaframboð í Reykjavík og Kvennalisti 1982–1987*. Ritstjórar Erla Hulda Halldórsdóttir og Ragnheiður Kristjánsdóttir (Reykjavík 2007).

Morgunblaðið (Reykjavík 1983–1984 og 1986–1988).

Ólafur Rastrick og Sumarliði R. Ísleifsson, *Stjórnarráð Íslands 1964–2004. Saga ríkisstjórna og helstu framkvæmdir 1983–2004* III. Ritstjóri Sumarliði R. Ísleifsson (Reykjavík 2004).

Ólafur Þ. Harðarson og Gunnar H. Kristinsson, „The Icelandic Parliamentary Election of 1987“, *Greinasafn Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands* (1988).

Óskar Guðmundsson, *Alþýðubandalagið. Átakasaga* (Reykjavík 1987).

Steinar J. Lúðvíksson, „Þorsteinn Pálsson“, *Forsætisráðherrar Íslands. Ráðherrar Íslands og forsætisráðherrar í 100 ár*. Ólafur Teitur Guðnason ritstýrði (Akureyri 2004), bls. 435–450.

Stjórnartíðindi (Reykjavík 1988).

Styrmir Gunnarsson, *Sjálfstæðisflokkurinn. Átök og uppgjör* (Reykjavík 2012).

Tíminn (Reykjavík 1987–1988).

Vilhjálmur Hjálmarsson, *Sókn og sigrar. Saga Framsóknarflokksins 1976–1996* IV (Reykjavík 2000).

Þjóðviljinn (Reykjavík 1987–1988).